

Framsóknarflokkurinn á árunum 1995-2013
Stjórnsækni og popúlismi?

Íris Davíðsdóttir

Lokaverkefni til MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu
Leiðbeinandi: Gunnar Helgi Kristinsson

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
júni 2017

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttshafa.

© Íris Davíðsdóttir 2017

070781-3289

Reykjavík, Ísland 2017

Útdráttur

Framsóknarflokkurinn er stjórnsækinn flokkur og hefur því verið fleygt fram að ákveðin hentistefna ráði för en ekki tryggð við hugmyndafræði. Eftir því sem umræða um popúlisma verður algengari hefur Framsóknarflokknum líka verið legið á hálsi fyrir að hafa færst í átt til popúlisma. Í ritgerðinni eru kosningaskrár hans greindar, annars vegar með tilliti til sveiflna og hinsvegar hvort líkindi sé með þeim og kosningaskrár þekktra popúlistaflokka á Norðurlöndunum. Til þess er notaður alþjóðlegur opinn gagnagrunnur sem kóðar kosningaloforð og hefur gert það við allar kosningaskrár í frjálsum lýðræðislegum kosningum frá árinu 1945. Niðurstaðan er sú að vissulega megi greina sveiflur í helstu áhersluatriðum flokksins á milli kosninga en þær eru ekki verulegar. Lítil líkindi eru með kosningaskrár Framsóknarflokksins og þekktra popúlistaflokka á Norðurlöndunum.

Abstract

The Progressive party in Iceland, over a century old political party in Iceland, has been labeled office seeking by scholars and in recent years, has had innuendos of moving towards populism. In this thesis the Progressive party's Manifestos are reviewed in order to find signals of the party being unstable in its agenda for the sole purpose of gaining votes and access to government and therefore chasing and perhaps coming up with popular ideas. Its Manifestos are also compared with the ones of known populist parties in the Nordic countries. The data used in the thesis was obtained from the Manifesto Project Database. The Database holds all Manifestos made for every free democratic election in Europe from 1945. The database codes the Manifestos into percentages in 56 standardized subcategories.

The result is that although some fluctuations are present, they are not substantial. Minor similarities are in the Manifestos of the Progressive Party and known populist parties in the Nordic countries.

Formáli

Framsóknarflokkurinn á árunum 1995 til 2013 er 30 ECTS eininga lokaritgerð til meistaraþrófs í opinberri stjórnsýslu í MPA námi á félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Leiðbeinandi er dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði.

Árið 2014 sótti undirrituð um og hlaut auglýstan styrk af hálfu Vald-og lýðræðisrannsóknar sem Gunnar Helgi er einn af þátttakendum. Styrkinn nýtti undirrituð til þess að skoða á hvaða leið Framsóknarflokkurinn er yfir tuttugu ára tímabili eða frá 1995 til 2013. Beitt var tvíþættri greiningu þar sem flokkurinn var skoðaður frá tveimur sjónarhornum, annars vegar með því að bera hann saman við fræðilegar kenningar um stjórnsækni og stefnufestu og kenningar um stjórnmálaflokka og popúlisma. Hinsvegar með því að bera kosningaskrár hans á tímabilinu saman við tvo hópa, þekkta populistaflokka á Norðurlöndunum og miðjuflokka á Norðurlöndunum sem hefðum samkvæmt teljast systurflokkar hans. Við greiningu á stefnuskránum var notaður alþjóðlegur gagnagrunnur, Manifesto Project Database, sem starfræktur hefur verið í yfir 30 ár og inniheldur kóðaðar stefnuskrár í öllum frjálsum kosningum í lýðræðisríkjum frá árinu 1945.

Gunnari eru þakkaðar góðar leiðbeiningar sem og hvatning á erfiðum stundum. Fjölskyldu minni þakka ég stuðninginn.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Útdráttur | 3 |
| Abstract | 4 |
| Formáli | 5 |
| Mynda- og töfluskra: | 7 |
| Töfluskra: | 7 |
| Myndaskra: | 7 |
| 1. Inngangur..... | 8 |
| 1.1. Tilgangur og rannsóknarspurningar | 12 |
| 2. Aðferðafræði | 14 |
| 2.1 Fyrirliggjandi gögn..... | 15 |
| 2.2 Réttmæti og áhættumat..... | 19 |
| 3. Stjórnsækni og stefnufesta..... | 21 |
| 4. Kenningar um stjórnmalaflokka | 24 |
| 5. Popúlismi..... | 29 |
| 6. Norðurlöndin, systurflokkar og þekktir popúlistaflokkar..... | 40 |
| 7. Tölfræði | 44 |
| 7. 1 Stjórnsækni Framsóknarflokksins | 44 |
| 7.2 Fimm þátta greining Project Manifesto Database | 48 |
| 7.3 Samanburður við popúlistaflokka og systurflokka..... | 50 |
| 8. Niðurstöður..... | 53 |
| Heimildaskra | 57 |

Mynda- og töfluskrá:

Töfluskrá:

Tafla 1. Yfirflokkar Manifesto Poject Database

Tafla 2. Yfirlit yfir samsetta þætti Manifesto Project Database

Tafla 3. Stjórnmalaflokkar í samanburðargreiningu

Tafla 4. Stærstu undirflokkar hjá Framsóknarflokki í kosningunum 1999-2013

Myndaskrá:

Mynd 1. Hlutfall umfjöllunar um alþjóðavæðingu hjá Framsóknarflokki 1995-2013

Mynd 2. Hlutfall umfjöllunar um hagræn markmið hjá Framsóknarflokki 1995-2013

Mynd 3. Hlutfall umfjöllunar um eftirlit með markaði (jákvætt) hjá Framsóknarflokki 1995-2013

Mynd 4. Framsóknarflokkur á þáttum MPD 1995-2013

Mynd 5. Meðaltöl % Framsóknarflokks, systurflokka og popúlistaflokka gagnvart fjölmenningu 1993-2013

Mynd 6. Meðaltöl % Framsóknarflokks, systurflokka og popúlistaflokka gagnvart þjóðlegum háttum 1993-2013

Mynd 7. Meðaltöl % Framsóknarflokks, systurflokka og popúlistaflokka gagnvart velferðarkerfinu 1993-2013

1. Inngangur

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 fór orðið popúlismi æ oftast að skjóta upp kollinum í umræðum og málflutningi um stjórnmal. Segja má að popúlismi hafi smám saman orðið aðalmálið í stjórnálaumræðum út um allan heim og voru gamlir sem nýir stjórnmalaflokkar æ oftast skilgreindir út frá hugtakinu. Einfalda skilgreiningin á popúlisma er sú að hann sé stjórnmal fjöldans sem bjóði upp á einfaldar lausnir með grípandi slagorðum. Einnig er því haldið fram í popúlisma að hlutverk stjórnmalanna sé að endurspegla vilja fólksins.¹ Dæmi um slíka flokka og leiðtoga finnast víðsvegar um heiminn en framan af var talið að slíkur flokkur væri ekki starfandi á Íslandi.

Framsóknarflokkurinn var stofnaður árið 1916 og er elsti starfandi stjórnmalaflokkur landsins. Hann var upphaflega stofnaður sem bænda flokkur og var lengi ríkjandi afl í íslenskum stjórnmalum. Flokkurinn sat í ríkisstjórnnum frá árinu 1971 til 2007 og frá 2013-2016, með einu stuttu hléi á tímabilinu 1979- 1980.² Á undanförunum árum hefur þó tekið að halla undan fæti og ljóminn af fyrri frægð þessa stjórnmalaafls tekið að dofna, eða að minnsta kosti beinst í nýjar áttir.

Seinni ár hefur Framsóknarflokkurinn æ oftast verið bendlaður við popúlisma³ og sérhagsmunagæslu og því hefur verið fleygt fram að stefna flokksins ráði ekki alltaf mestu um orð og gjörðir flokksins heldur löngunin til þess að komast í ríkisstjórn.⁴ Í því skyni hafi flokkurinn oft komið fram með auðveld vinsæl kosningaloforð. Herferð flokksins árið 2003 um 90% húsnæðislán hitti til dæmis í mark hjá yngri kjósendum sem áttu sífellt erfiðara með að fjármagna fyrstu íbúðakaup sín og flokkurinn fékk 17,7% atkvæða. Í kosningunum árið 2007 kom flokkurinn fram undir kjörorðinu „*Árangur áfram ekkert stopp*“ sem fór þó ekki eins vel í kjósendur. Flokkurinn fékk aðeins 11,7% fylgi og var það versta kosningaútkoma flokksins frá upphafi.⁵ Flokkurinn upplifði svo áframhaldandi brokkgengt tímabil á árunum 2006-2009 þegar þrjú einstaklingar gegndu forystu í flokknunum.

¹ Mudde, „The populist Zeitgeist,“ 544.

² „Ríkisstjórnar- og ráðherratal.“

³ Eiríkur Bergmann, „Populism in Iceland: has the progressive party turned populist?“ 32.

⁴ „Ritstjórnargreinar Morgunblaðsins,“ 24. september 2000.

⁵ „Úrslit alþingiskosninga 1963-2013.“

Árið 2008 varð efnahagshrunið hér á landi og nokkrum mánuðum síðar birtist óvænt á sjónarsviðið mjög umdeildur leiðtogi Framsóknarflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Þó svo að allir flokkar hafi staðið frammi fyrir flóknum áskorunum og duldum tækifærum í kjölfar efnahagshrunsins 2008, þá var staða Framsóknarflokksins sérstök á þessum tímapunkti. Hrunið fól í sér ákveðna endurkomu fyrir Framsóknarflokkinn en flokkurinn veitti minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna stuðning þegar ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks sagði af sér í kjölfar búsaðaldabyltingarinnar í byrjun árs 2009.

Nýi formaður flokksins hafði mjög einarða afstöðu í Icesave málinu⁶ sem upp hafði komið í kjölfar hrunsins. Þar var tekist á um hverjar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands væru og lagði Sigmundur til að samningar vegna málsins yrðu ekki samþykktir.⁷ Í formannstíð hans var æ oftari farið að tala um þróun flokksins í átt til popúlisma⁸ eftir því sem umræðan um slíkt varð háværi í Evrópu.⁹ Í fljótu bragði tengir almenningur oft andstöðu við innflytjendastefnu við popúlístaflokka og þegar frambjóðandi Framsóknarflokksins í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík 2014 lét hafa eftir sér umdeildar fullyrðingar um múslima¹⁰ náði umræðan um að Framsóknarflokkurinn væri orðinn að popúlístaflokki nýjum hæðum.

Aldargamall flokkurinn endurheimti fyrri stöðu sína árið 2013 þegar hann varð óumdeildur sigurvegari Alþingiskosninganna, með 24,4% atkvæða og alls 19 þingmenn. Í kosningarbaráttunni hélt flokkurinn á lofti umræðu um að leiðrétta þyrfti þann forsendubrest sem almenningur og heimili landsins hefðu orðið fyrir vegna hrunsins. Þungamiðja í orðræðu flokksins var kosningaloforð um „skuldaleiðréttingu“ og fór formaður flokksins stórum orðum um gífurlega fjármuni sem hægt yrði að sækja í svonefnda hrægammasjóði.¹¹ Flokkurinn lagði mikla áherslu á að heimilin í landinu væru hornsteinn þjóðfélagsins og segir í kosningaskrá

⁶ Icesave var vörumerki innlánsreikninga á netinu sem Landsbanki Íslands bauð í Bretlandi og í Hollandi.

⁷ Samningarnir snérust um að hvaða marki Ísland bæri ábyrgð á reikningunum og því einnig ábyrgð á endurgreiðslu til Bretlands og Hollands.

⁸ Eiríkur Bergmann, „Populism in Iceland: has the progressive party turned populist?“ 32.

⁹ Eiríkur Bergmann, „Ógnir hins opna samfélags,“ 4.-6. nóvember 2011.

Guðmundur Hálfánarson, „Framsókn prufukeyrir andúð á innflytjendum,“ 26. maí 2014.

¹⁰ „Ólga innan framsóknar vegna ummæla oddvita.“

Eiríkur Bergmann, „Populism in Iceland: has the progressive party turned populist?“ 31.

¹¹ Hrægammasjóður er vogunarsjóður sem sérhæfir sig í fjárfestingum í skuldum fyrirtækja eða annars konar aðila sem standa höllum fæti og stefna í gjaldþrot eða hafa þegar lýst yfir gjaldþroti. Sjá til dæmis: „Eru hrægammasjóðir af hinu góða?“

flokksins að: „*Ekkert réttlætir að lánþegar sitji einir uppi með afleiðingar stökkbreytingar lána af völdum efnahagshrunsins.*“¹²

Þessi málflutningur hlaut góðan hljómgrunn meðal almennings, svo góðan að aðrir flokkar í framboði þurftu að skilgreina afstöðu sína gagnvart þessu tiltekna kosningaloforði. Sagt hefur verið að kosningabaráttan 2013 hafi að mestu snúist um forsendubrest heimilanna og kosningaloforð Framsóknarflokksins.¹³

Í kjölfar þessa árangurs fól Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Sigmundi Davíð stjórnarmyndunarumboðið. Það þótti nýlunda þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði fengið fleiri atkvæði og hefð var fyrir því að sá flokkur sem flest atkvæði fengi og hefði mesta möguleika á að mynda ríkisstjórn fengi fyrstur umboðið.¹⁴ Mynduð var ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks undir forystu Framsóknarflokksins og því lofað að ríkisstjórnin myndi „...*með markvissum aðgerðum taka á skuldavanda íslenskra heimila sem er tilkominn vegna hinnar ófyrirsjáanlegu höfuðstólshækkunar verðtryggðra lána sem var afleiðing hruns fjármálakerfisins.*“¹⁵

Þrátt fyrir að popúlismi sé alls ekki nýr af nálinni og megi rekja allt til Fólksflokksins í Bandaríkjunum á 19. öld¹⁶ hafa augu manna beinst mikið að popúlismanum með tilkomu nýrra flokka og hreyfinga út um allan heim sem erfiðlega hefur gengið að setja undir hefðbundin hægri/vinstri ás stjórnmalanna.

Reynt hefur verið að finna skýringar á því sem á sér nú stað í Evrópu í ljósi niðurstöðu kosninga um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu, en því er haldið fram að einfaldar lausnir „nei-sinna“ hafi unnið sigur í kosningunum¹⁷ og erfiðlega hefur gengið að útskýra af hverju Donald Trump var kosinn forseti Bandaríkjanna og velgengni stjórnmalaflokka sem gætu talist popúlískir.

¹² „Stefnuskrá.“

¹³ „Ísland – Alþingiskosningar 2013 – Úttektarskýrsla.“

¹⁴ Guðni Th. Jóhannesson, „Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971-2007. Frá framsóknaráratugum til drottinsvalds Sjálfstæðisflokksins (með drauminn um samfylkingu jafnaðarmanna í bakgrunni),“ 9.

¹⁵ „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.“

¹⁶ „What Brexit Reveals About Rising Populism.“

¹⁷ Mudde, „The problem with populism,“ 17. febrúar 2015.

Gengið hefur verið svo langt að segja að popúlismi „tröllríði öllu í litlausu umhverfi stjórnmalanna þar sem gömlu áttakalínurnar sem kallaðar voru hægri og vinstri séu að þurrkast út“.¹⁸ Popúlismi hefur meira að segja af mörgum verið stimplaður aðalvandamál stjórnmalanna í dag.¹⁹

¹⁸ Mudde, „The problem with populism,“ 17. febrúar 2015

¹⁹ Bryder. „Populism – A threat or a challenge for the democratic system,“ 11.

1.1. Tilgangur og rannsóknarspurningar

Markmið ritgerðarinnar er að fá skýrari sýn á hvort miklar breytingar eða sveiflur hafi orðið á áherslumálum Framsóknarflokksins á tímabilinu sem um ræðir og hvort greina megi í stefnuskrám hans merki um að áherslurnar séu að verða líkari flokkum sem flokkaðir hafa verið sem popúlístaflokkar eins og gefið hefur verið í skyn. Til að meta það er notaður samanburður og verður Framsóknarflokkurinn borinn saman við aðra flokka á Norðurlöndum enda er það nærtækast í menningarlegum og landfræðilegum skilningi.

Tímabilið sem er til skoðunar eru árin 1995 til 2013 en á því tímabili sat flokkurinn bæði í ríkisstjórn og stjórnarandstöðu, efnahagshrunið varð á Íslandi, flokkurinn fékk nýjan umdeildan leiðtoga og upplifði miklar fylgissveiflur og umskipti í almenningssáliti. Er um sex kosningar að ræða á tímabilinu. Kosningarnar árið 2013 eru nýjustu kosningarnar sem kóðaðar eru í gagnagrunninn. Síðustu árin hafa ítrekað verið uppi raddir um að flokkurinn sé að hallast í átt að popúlisma með einföldum boðskap og að velgengi flokksins megi rekja til þess hversu auðvelt hann eigi með koma fram með loforð sem kosti mikla peninga.²⁰ Það er því fróðlegt að skoða hvort slíkar athugasemdir eigi við einhver rök að styðjast og hvort þess sjáist merki í kosningaskráum flokksins.

Kenningarlegi ramminn sem stuðst verður við eru rannsóknir og fræðigreinar um popúlisma, kenningar um stjórnsmálaflokka og kenningar Gunnars Helga Kristinssonar og Indriða H. Indriðasonar um stjórnsækni. Með því er m.a. átt við að því stjórnsæknari sem stjórnsmálaflokkur er minnkar vægi stefnu hans og hún gæti þar af leiðandi sveiflast meira er tilgáta sem hér er lögð fram.

Gera má að því skóna að stjórnsmálaflokkur sem skilgreinir sig á ákveðinn hátt leggi fram kosningaskrár sem séu í samræmi við þá flokkun. Flokkur sem t.d. gefur sig út fyrir að vera hægri flokk hlýtur að vera með áherslur sem væri frekar hægri sinnaðar eins og lægri skatta og minni ríkisafskipti. Kosningaskrár slíks flokks ættu þá væntanlega að innihalda slíkar áherslur og vera nokkuð stöðugar í þeim málum svo flokkurinn virðist ekki vera stefnulaus. Miklar sveiflur gætu hinsvegar gefið til kynna að flokkurinn sé óstöðugur í áherslum sínum og reyni að höfða til kjósenda í þeim málum sem líkleg eru til vinsælda hverju sinni.

²⁰ „Alþingi.“

Megin rannsóknarspurningin er: *Má sjá sveiflur í kosningaskráum Framsóknarflokksins sökum stjórnsækni hans eða færirst hann nær popúlískum flokkum á Norðurlöndunum?*

Tilgátan er að sjá megi í kosningaskráum flokksins umtalsverða umfjöllun um ákveðið málefni sem Framsóknarflokkurinn legði áherslu á hverju sinni og væri nokkurs konar „aðalmál“ hverra kosninga fyrir sig.

Til að geta svarað spurningunni verða töluleg gögn úr alþjóðlegum gagnagrunni, Manifesto Project Database (MPD), notuð en hann kóðar hlutföll kosningaskráa í staðlaða yfir-og undirflokka sem unnt er að bera saman. Skoðað verður hvort til staðar séu miklar sveiflur í málefnaáherslum flokksins. Einnig verður skoðað hvort helstu áhersluatriði í kosningaskráum bendi til þess að flokkurinn sé að verða líkari flokkum sem eru taldir tilheyra nýrri flokkafjölskyldu popúlisma.

Vonast er til að með þessari greiningu megi verða til gagnlegt innlegg í umræðuna um þróun Framsóknarflokksins, byggt á tölulegum gögnum og fræðilegri umfjöllun. Manifesto Project Database hefur ekki verið notað á Íslandi við slíka greiningu fyrr, eftir bestu vitund höfundar.

2. Aðferðafræði

Um er að ræða samanburðarrannsókn þar sem beitt verður tveimur sjónarhornum að viðfangsefninu, annars vegar með því að skoða hvað fræðimenn hafa sagt um stjórnsækni, stjórnmalaflokka og popúlisma og hinsvegar með því að rýna fyrirbyggjandi töluleg gögn í gagnagrunninum Manifesto Project Database (MDP). Í þann grunn hefur kosningaloforðum í frjálsum lýðræðislegum kosningum í yfir 50 löndum verið safnað frá árinu 1945 og þau kóðuð.

Megináherslan verður á að gera samanburð á Framsóknarflokknum og tveimur samsettum hópum, annars vegar flokkum sem geta talist systurflokkar hans og hinsvegar flokkum á Norðurlöndunum sem taldir hafa verið popúlískir ásamt því að leggja mat á hversu staðfastur flokkurinn hefur verið í kosningaskrá sínum. Með því að skoða Framsóknarflokkinn út frá þessum tveimur sjónarhornum, annars vegar fræðilegum og hinsvegar út frá fyrirbyggjandi gögnum er vonast til að unnt sé að svara því hvort stjórnsækni flokksins sjáist í flöktandi áherslum fyrir kosningar og hvort rétt sé að flokkurinn sé á leið að verða líkari popúlískum flokkum á Norðurlöndunum.

Vinnslan á gögnunum er flóknari en ætla mætti við fyrstu sýn. Eitt af fyrstu hindrunum sem mættu voru að samanburður á milli landa er töluvert flókin þar sem kosningar eru ekki haldnar á sömu árum. Ef ætlunin er að t.d. að skoða eitthvað sértækt eins og áhrif efnahagshrunsins og áhrif þess á stefnu flokka þá eru t.d. kosningar á Íslandi í apríl árið 2009, mjög skömmu eftir hrunið. Í Danmörku t.d. voru kosningar árið 2007 og svo ekki aftur fyrr en 2011 þremur árum eftir hrunið. Líklegt er að efnahagshrunið hafi því haft ólík áhrif á kosningarnar á Íslandi 2009 og í Danmörku árið 2011. Gögnin ná yfir langt tímabil og því auðvelt að týna sér í umfangi þeirra. Þá þarf að vera með skýra sýn á hvaða spurningum á að svara og afmarka þarf efnið vel. Eins og fram hefur komið hefur gagnasafnið ekki verið notað á Íslandi svo vitað sé til og því engin fordæmi sem hægt er að líta til. Erlendu rannsóknirnar er erfitt að líta til sem fyrirmyndar þar sem stærð og umfang meistararitgerðar býður ekki upp á sambærilegar rannsóknir. Vinsældir grunnsins hafa verið miklar hjá vísindamönnum sem eru að nota grunninn í ritrýndar vísindagreinar og erindi og oftar en ekki eru gögnin keyrð saman við önnur gögn í umfangsmiklum rannsóknum sem spanna langt tímabil. T.d. til að rannsaka kosningaskrár allra flokka í Þýskalandi samanborið við kosningaskrár í Evrópu frá seinni heimstyrjöld eða skoða þróun róttækra vinstri flokka í Vestur-Evrópu frá falli Berlínarmúrsins.

2.1 Fyrirliggjandi gögn

Gagnagrunnurinn sem um ræðir er frá árinu 1992 og er í dag rekinn fyrir langtímastyrki. Ian Budge ásamt fleirum stofnaði Manifesto Research Group árið 1979 þar sem tilgangurinn var að kóða kosningaskrár í 19 löndum. Tíu árum síðar var rannsóknin útvíkkuð til landa í Mið- og Austur Evrópu og til stendur að bæta við löndum í Rómönsku Ameríku og Asíu.²¹ Frá og með 2009 hefur grunnurinn verið í stöðugri þróun og gengur nú fyrir langtíma fjármögnun frá þýska Vísindaráðinu.²² Gögnin í grunninum eru öllum opin og hægt er að hlaða honum niður á mismunandi formi. Markmið gagnagrunnsins er að mæla afstöðu þeirra flokka sem eru að bjóða sig fram í lýðræðislegum kosningum frá lokum seinni heimsstyrjaldinnar til dagsins í dag.²³

Til þess að teljast kosningaskrá verður stjórn mála flokkur að hafa birt textann í aðdraganda kosninga þar sem keppt er um atkvæði kjósenda í kosningum í heimalandinu. Kosningaskrár urðu fyrir valinu þar sem þær eru yfirlýsingar um stefnu hvers flokks og þykja góður mælikvarði á stefnu flokka á ákveðnum tíma.²⁴ Í þeim löndum þar sem ekki eru gefnar út ákveðnar kosningaskrár er safnað saman ræðum leiðtoga eða öðru útgefnu efni frá viðkomandi flokki.

Grunnurinn er talinn stærsti gagnagrunnur í stjórnmálafræði í dag. Búið er að vélvæða ákveðinn hluta af skjölunum og er boðið upp á að leita að ákveðnum orðum og orðasamböndum auk upprunalega tilgangsins, þ.e. að sjá hversu hátt hlutfall af kosningaskrám er tileinkað ákveðnu málefni. Stefnt er að því síðar meir að hægt verið að fletta upp öllum tilvísunum.

Til að brjóta niður textann er setningum skipt upp í styttri setningar (e. quasi sentences) þar sem einungis ein fullyrðing kemur fram. Hver setning getur þar af leiðandi verið margar styttri setningar en ein styttri setning getur ekki náð yfir margar setningar. Áður en kóðararnir fá að kóða beint í grunninn hafa þeir lokið umgangsmikilli þjálfun þar sem þeir fá endurgjöf frá umsjónarmönnum grunnsins. Reynslan hefur sýnt að þessi kennsla hefur tryggt samræmi og

²¹ „Manifesto Project Database.“

²² „German Science Foundation (DFG).“

²³ Manifesto Project Database.“

²⁴ Manifesto Project Database.“

þar með aukið áreiðanleika grunnsins að mati aðstandenda hans og hafa þáttgreiningar m.a. ýtt undir þá skoðun.²⁵

Talið er að með því að staðla kosningaskrár á þennan hátt eigi að vera hægt að gera áreiðanlegan samanburð milli flokka, landa, kosninga og yfir ákveðin tímabil. Kosningaskrár bjóða kjósendum upp á samantekt af þeim málefnum sem stjórnmalaflokkur leggur áherslu á. Þær eru gefnar út til almennings eftir að hafa farið í gegnum ítarlega skoðun, oft á flokksþingum.²⁶ Kosningaskrárnar eru formlegt skjal þar sem fram kemur stefna flokksins í heild í ákveðnum málum en ekki skoðun einstaklinga innan hans. Með því að greina stefnuskrár er hægt að sjá hvernig stjórnmalaflokkur skilgreinir sig. Notaðar eru kosningaskrár flokka sem eru að bjóða sig fram til löggjafarþings því líklegast er að þær gefi besta mynd af ímynd flokksins, líklegt er að kjósendur lesi þær og fjölmiðlar fjalli um þær. Einnig hefur því verið haldið fram að flokkar muni leggja meiri áherslu á málefni ef hægt sé að segja að það sé lýsandi fyrir viðkomandi flokk eða hann „eigi“ málefnið.²⁷ Á þessari hugmynd byggir gagnagrunnurinn og mælir hlutfall málefna í kosningaskrárum flokka. Allar setningar sem birtast í kosningaskránum hafa ákveðinn tilgang og ekkert birtist þar fyrir tilviljun.²⁸ Með því að skoða magn og meðaltöl ákveðinna málefna er hægt að fá mynd af mikilvægi málaflokksins fyrir viðkomandi stjórnmalaflokk yfir ákveðið tímabil.

Kosningaskrárnar eru flokkaðar niður í 7 yfirflokka með 56 undirflokkum, setningu fyrir setningu. Stundum er um að ræða jákvæða tilvísun og neikvæða tilvísun innan hvers yfirflokks. Til dæmis innan yfirflokksins utanríkismál er að finna flokkinn per108; Evrópusamruni á jákvæðan hátt og per110; Evrópusamruni á neikvæðan hátt. Þessir sjö meginflokkar virðast ná vel utan um flestar stefnuskrárnar en einungis lítill hluti fer í flokk sem nefndur er „óflokkad“. Á þeim árum sem hér eru til skoðunar fer aðeins rúmlega 1% í þennan flokk árið 2009 og ekkert hin árin.²⁹

²⁵ Merz, Regel og Lewandowski, „The Manifesto Corpus: A new resource for research on political parties and quantitative text analysis,“ 3.

²⁶ Cole, „Old right or new right? The ideological positioning of parties of the far right.“

²⁷ Budge, Robertson og Hearl, *Ideology, strategy and party Change: Spatial analysis of post-war election programmes in 19 democracies.*

²⁸ Cole, „Old right or new right? The ideological positioning of parties of the far right.“

²⁹ Volkens, Lehmann og Matthieß, *The Manifesto Data Collection.*

Tafla 1. Yfirflokkar Manifesto Poject Database ³⁰

| |
|--|
| 1. Utanríkismál (External relations) |
| 2. Frelsi og lýðræði (Freedom & Democracy) |
| 3. Pólítísk kerfi (Political system) |
| 4. Efnhagslíf (Economy) |
| 5. Velferðarmál og gæði lífs (Welfare & Quality of life) |
| 6. Samfélag (Fabric of society) |
| 7. Félagslegir hópar (Social groups) |

Út frá gögnunum hafa verið útbúnir 5 þættir sem byggja á því að leggja saman ákveðna undirflokka gagnagrunnsins og í tilfelli þess þekktasta, hægri-vinstri skalanum,³¹ eru aðrir undirflokkar dregnir frá. Í hægri-vinstri kvarðandum er búið að skilgreina ákveðna undirflokka sem „hægri“ og aðra sem „vinstri“. Til að fá út tölu á kvarðanum eru skorin úr hægri dregin frá skorunum í vinstri og því deilt með skorinu í hægri plús vinstri. Skalinn er á bilinu -100 (vinstri) til +100 (hægri). Flokkur sem fengi út skorið +100 væri því alveg til hægri á hinum hefðbundna hægri-vinstri skala sem stjórnmálaflokkar eru flokkaðir út frá. Flokkur sem aftur á móti fengi út töluna -100 væri því alveg til vinstri.

Hinir fjórir þættirnir eru stýrt hagkerfi, markaðshagkerfi, velferðarkerfi, alþjóðleg samskipti og friður. Í töflu 2 er hægt að sjá helstu undirflokka sem liggja að baki útreikningi í þessum 5 flokkum.

Síðar í ritgerðinni verður útkoman úr samsettu þáttunum hjá Framsóknarflokknum skoðuð.

³⁰ Volkens, Lehmann og Matthieß, *The Manifesto Data Collection*.

³¹ Ibid

Tafla 2. Yfirlit yfir samsetta þætti Manifesto Project Database

| | |
|-----------------------------------|--|
| <p>1. Hægri-vinstri kvarði</p> | <p>Meðal annars tilvitnanir í jákvæð viðhorf til hernaðar, sterks ríkisvalds, frjáls markaðshagkerfis, verndarstefnu, útvíkkun velferðarkerfisins dregin frá tilvitnunum í neikvæð viðhorf til hernaðar, tilvitnunum í frið, alþjóðavæðingu, eftirlit með markaði, stýrt hagkerfi, lýðræði og þjóðnýtingu.</p> |
| <p>Stýrt hagkerfi</p> | <p>Eftirlit með markaði og jákvæðar tilvísarnir í áætlanir í hagkerfinu lagt saman við jákvæðar tilvísanir í stýrt hagkerfi.</p> |
| <p>Markaðshagkerfi</p> | <p>Tilvísanir í frjálsan markað og hagrænan rétrúnað eru lagðar saman.</p> |
| <p>Velferðarkerfi</p> | <p>Jafnrétti og aukning til velferðarkerfisins eru lagðar saman.</p> |
| <p>Alþjóðasamskipti og friður</p> | <p>Neikvæðar tilvitnanir í erlend samskipti, jákvæðar tilvitnanir í hernað og jákvæðar tilvitnanir í frið lagðar saman.</p> |

2.2 Réttmæti og áhættumat

Í öllum rannsóknum er mikilvægt að huga að áreiðanleika en hann lýtur að nákvæmni í athugunum og skráningu og verið er að leggja mat á hvort gögnin endurspeglar það sem raunverulega var átt við? Hér verður gerð samanburðarrannsókn með tölfræðilegum samanburði. Gögnin sem um ræðir er búið að staðla í 7 yfirflokkum með samtals 56 undirflokkum en stöðlun er grundvöllur fyrir samanburð.³² Út frá samanburði kemur afleiðsla, eða með öðrum orðum, gögnin sýna ákveðna mynd og þá er niðurstaðan eftirfarandi.

Hér er um óvenjulega rannsókn að ræða þar sem frumgögnin koma annars staðar frá og rannsakandinn hefur ekkert um öflun þeirra að segja. Kóðunin sem fram fer á kosningastefnuskrám er þó mjög vandlega unnin og margyfirfarin áður en gögnin eru sett inn á síðuna. Kóðararnir hljóta þjálfun á vegum gagnagrunnsins og fara eftir mjög ítarlegri handbók. Kóðararnir koma frá því landi sem þeir eru að kóða og er það gert vegna þess að þeir búa yfir þekkingu á landi sínu, sögu þess og kosningakerfinu og stjórnmálaflokkunum. Það sem gæti helst spillt niðurstöðunum eru hlutdrægni kóðaranna en eins og fram kom hér að ofan eru gögnin yfirfarin af öðrum áður en þau eru sett inn.³³ Sú meginspurning sem kóðararnir eru beðnir að hafa í huga er, hvaða skilaboðum er verið að koma á framfæri? Hvað telur flokkurinn vera mikilvægt? Í þeim tilvikum sem formlegar kosningaskrár hafa ekki verið gefnar út er notast við ræður leiðtoga, texta í dagblöðum og annan texta gefinn út í tengslum við kosningar og segja forsvarsmenn gagnagrunnsins að slík gögn séu ígildi kosningaskráa.³⁴

Í upphafi voru teknir til skoðunar þættir sem talið var að sátt gæti ríkt um að væru „góðir“ eins og lítið atvinnuleysi, lág verðbólga og góð heilsugæslu. Gerðar voru rannsóknir á því hversu trúr textinn í kosningaskránum var innihaldi sínu og var sterk fylgni þar á milli.³⁵ Texta ber að túlka í því samhengi sem hann er settur fram en með því að staðla hann er túlkunin gerð auðveldari.³⁶ Ein gagnrýnin sem gagnagrunnurinn hefur fengið er að horfa verði á samfélagið sem texti er settur fram í. Með því að notast við innlenda túlka er reynt að koma til

³² Hodder, „The interpretation of documents and material culture,“ 392.

³³ Werner, Lacewell og Volkens, „*Manifesto Coding Instruction*,“ 6.

³⁴ Budge, Robertson og Hearl. „*Ideology, strategy and party Change: Spatial analysis of post-war election programmes in 19 democracies.*“

³⁵ Werner, Lacewell og Volkens, „*Manifesto Coding Instruction*,“ 8

³⁶ *Ibid.*, 394.

móts við þá gagnrýni.³⁷ Leiðarstefið sem unnið er eftir er að flokkar séu að keppa innbyrðis og leggi því áherslu á mismunandi atriði í stað þess að benda (eingöngu) á ólíka afstöðu í ákveðnum málum.³⁸

Önnur gagnrýni er að erfitt er að mæla óvissu og skilgreiningin á milli hægri og vinstri sem getur verið ólík milli landa og í tíma. Það sem gagnagrunnurinn tekur sem afstöðu flokks mætti jafnvel túlka sem áhuga hans á að fara í ákveðna átt. Einnig hefur verið gagnrýnt að erfitt sé að nota einn hægri-vinstri skala á ólík lönd. Nýjar víddir eins og innflytjendur og umhverfisvernd eru farin að skipta meira máli en það er ekki tekið tillit til þess. Oft hafi verið farin sú leið að spyrja sérfræðinga í landinu hvar hver flokkur er á hægri-vinstri skalanum og það talið gefa góða raun. Rannsóknir forsvarsmanna grunnsins hafa sýnt fram á fylgni á milli sérfræðingaflokkunarinnar og stöðu flokka á hægri-vinstri skala gagnagrunnsins.³⁹ Þessar gagnrýnisraddir verða hafðar til hliðsjónar en eins og áður sagði koma gögnin á þessu formi og er það hvers rannsakanda að leggja mat á hvort þau endurspegli það sem spurt er að.

³⁷ Hodder, „The interpretation of documents and material culture., 399.

³⁸ Gemenis, „What to do (and not to do) with the Comparative Manifestos project data,“ 3.

³⁹ Ibid., 3.

3. Stjórnsækni og stefnufesta

Til að geta skoðað betur hvort til staðar séu miklar sveiflur í kosningaskráum og hvort Framsóknarflokkurinn láti stjórnast af öðrum þáttum en tryggð hans við hugmyndafræði verður meðal annars horft til efnis Gunnars Helga Kristinssonar og Indriða H. Indriðasonar um stjórnsækni og stefnufestu. Í grein þeirra kemur fram að við myndun samsteypustjórna, líkt og oftast eru við lýði á Íslandi, þurfa flokkarnir oft að gefa eftir eitthvað af stefnumálum sínum.⁴⁰ Flokkarnir standa þá frammi fyrir því að meta kosti þess að komast í ríkisstjórnarsamstarf á mótum því að hvíka frá því sem fram kemur í kosningaskráum þeirra. Er þetta því kallað stjórnsækni á mótum stefnufestu, eða hversu vel flokkarnir halda í þá stefnu sem kynnt er fyrir kosningar. Eldri samsteypustjórnarkennningar gengu út frá því að stjórnsmálaflokkar væru stjórnsæknir og stefndu að því að hámarka hlut sinn í samstarfinu og þá sérstaklega fjölda ráðuneyta.⁴¹ Því væri það flokkunum í hag að skipta ráðuneytunum á milli eins fárra flokka og hægt væri og væru þá minnihlutastjórnir nánast útilokaðar. Gerðu kenningarnar einnig ráð fyrir því að stefnumál flokkanna hefðu ekki áhrif á myndun slíkra stjórna.⁴²

Þeim hugmyndum var fljótlega varpað fyrir róða og kenningar fræðimanna eins og Axelrod og de Swan á sjötta áratugnum lögðu meiri áherslu á að stefnumál flokkanna skiptu máli við myndun samsteypustjórna.⁴³ Því sé líklegra að stjórnsmálaflokkar með áþekka stefnu myndi stjórna saman og að hægt sé að segja að stjórnsmálaflokkar sem eiga stefnulega samleið í einhverjum málum væri því líklegri til að mynda stjórnir.⁴⁴

Gunnar Helgi Kristinsson hefur áður fjallað um stjórnsækni og skoðaði hann hugtakið meðal annars út frá bændaflokkum í doktorsritgerð sinni, *Farmers parties*. Í ritgerðinni bar hann saman bændaflokka á Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Í rannsókn sinni komst hann að því að hvorki sænski bændaflokkurinn né sá norski voru stjórnsæknir og mætti það að mestu rekja til þess að Framsóknarflokkurinn hafði frjálsari hendur þar sem innra skipulag var veikt og átti því auðveldara með að hoppa á kosningatækifæri. Samanburðarflokkarnir á Norðurlöndunum

⁴⁰ Gunnar Helgi Kristinsson og Indriði H. Indriðason, „Stjórnsækni og stefnufesta,“ 267 – 268.

⁴¹ Ibid., 267.

⁴² Gamson, „Theory of Coalition Formation,“ 373-383.

⁴³ De Swan, „Coalition Theories and Government Formation.“

⁴⁴ Ibid.

höfðu sterkara meðlimaskipulag og það takmarkaði getu þeirra til að koma með róttækar breytingar.

Mat var lagt á stjórnsækni íslenskra flokka árið 1992 með því að spyrja sérfræðinga út í stjórnsækni flokka. Ísland var þar langt fyrir ofan meðaltal og aftur var munurinn á milli Íslands og Norðurlanda sérstaklega áberandi, þar sem stjórnmalaflokkar Norðurlanda voru langtum minna stjórnsæknir. Önnur rannsókn var gerð árið 2005 sem bendir í sömu átt og fyrrnefnd rannsókn, en þar var mælt svokallað stefnubil þar sem talið var að flokkar væru til í að gefa eftir í stefnumálum sínum. Þessar rannsóknir eru á einn veg og benda til þess að stjórnsækni íslenskra stjórnmalamanna sé mikil í fjölpjóðlegu tilliti.⁴⁵ Af þessu leiðir að því stjórnsæknari sem flokkur er því hlutallslega minna er vægi stefnunnar. Ein leið til að meta þetta er út frá stjórnarsáttmálum en þar kom sérstaða Íslands aftur í ljós en hér eru stjórnarsáttmálar ríkisstjórna almennt styttri en í grannríkjum.⁴⁶

Kenningar um samsteypustjórnir hafa tilhneigingu að gera ráð fyrir að allir flokkar séu annaðhvort stjórnsæknir eða stefnufastir í sama mæli, en að mati þeirra Gunnars Helga og Indriða H. er það frekar ósennileg forsenda. Það eru í raun mun fleiri þættir sem hafa áhrif á jöfnuna, svo sem innri uppbygging flokkanna og eðli gæðanna sem verið er að úthluta sem geta haft áhrif á hversu eftirsóknarvert það er að komast í stjórn.

Í áhugaverðri grein sem gefin var úr árið 2016 og skrifuð var af Heike Klúver og Jae-jae Spoon, er velt upp þeim áskorunum sem flokkar í samsteypustjórnnum standa frammi fyrir þegar kemur að því að bregðast við óskum kjósenda. Notuð voru gögn frá 55 samsteypustjórnnum úr Manifesto Project gagnagrunninum, þeim hinum sama og hér er notaður, ásamt ýmsum kosningarannsóknum í 16 Evrópulöndum á árunum 1972 til 2011. Það er vel þekkt að flokkar hlusta á kjósendur og með því eru þeir að treysta hlutverk sitt í lýðræðinu og að auki sé það þekkt að stefnur flokka breytist eftir því sem áherslur kjósenda breytist.⁴⁷ Það sé svo hægt að sjá því stað í stefnuskrám flokkanna fyrir kosningar þó fleiri þættir hafi áhrif eins

⁴⁵ Warwick, „Do Policy Horizons Structure the Formation of Parliamentary Governments? The Evidence from an Expert Survey,“ 373-387.

⁴⁶ Laver og Hunt, „*Policy and Party Competition*.“

⁴⁷ Klúver og Spoon, „Challenges to multiparty governments: How governing in coalitions affects coalition parties' responsiveness to voters,“ 1.

og stærð flokkanna, tegund þeirra, og skipulag flokkanna. Fram kemur í greininni að rannsakað hafi verið sambandið á milli forgangsroðunar flokkanna og stefnuyfirlýsinga ríkisstjórna.

Klúver og Spoon halda því fram að rannsóknir þeirra hafi sýnt að þátttaka í ríkisstjórn hafi áhrif á vilja flokks til að bregðast við óskum kjósenda. Flokkar í ríkisstjórn hlusti vissulega á óskir kjósenda en þeir bregðist seinna við en flokkar í stjórnarandstöðu.⁴⁸ Þeir telja að vantað hafi upp á að sambandið og samspilið á milli flokka í ríkisstjórn væri rannsakað sem áhrifaþáttur. Flokkarnir þurfi bæði að glíma við það að sætta sín á milli ólík sjónarmið ásamt því að reyna að höfða til kjósenda, koma stefnu sinni í framkvæmd og að vera í ríkisstjórnarsamstarfi.

Niðurstaða greinarhöfunda sýnir að vilji flokkanna til að bregðast við kröfum kjósenda er meiri í stefnumálum sem valda síður sundrung á meðal þingmanna. Hafandi verið með ráðherra í ákveðnum málaflokki virðist ekki hafa þau áhrif að samstarfsflokkurinn hlusti betur á kjósendur í þeim málaflokki. Hér gera höfundar ráð fyrir því að samkeppni milli flokka sé drifkraftur í samsteypustjórnnum og einnig er gert ráð fyrir því að ráðherraembætti sé það sem stefnt er að. Er hér um að ræða endurhvarf til eldri samsteypukenninga eins og fram kom að ofan.⁴⁹

Út frá þessari umræðu og niðurstöðu Gunnars Helga sést að íslenskir stjórnmálaflokkar eru almennt stjórnsæknari. Út frá niðurstöðu Gunnars í doktorsritgerð hans um að Framsóknarflokkurinn sé einnig stjórnsækinn verður því velt hér upp hvort stjórnsækninni megi finna stað í kosningastefnuskrá flokksins að því leytinu til að helstu áherslur flokksins sveiflist töluvert og verið sé að eltast við vinsæl málefni hverju sinni eða komið sé fram með málefni sem talið verði líklegt til vinsælda.

⁴⁸ Klúver og Spoon, „Challenges to multiparty governments: How governing in coalitions affects coalition parties’ responsiveness to voters,“ 1.

⁴⁹ Ibid 6.

4. Kenningar um stjórnmálaflokka

Stjórnmálaflokkar hafa um langt skeið verið í aðalhlutverki í lýðræðisríkjum og forsenda þess að fólk hafi val í lýðræðislegum kosningum. Til er fræg skilgreining E.E. Schattschneider, frá sjötta áratug síðustu aldar, um að lýðræði sé í raun samkeppni þar sem leiðtogar og stofnanir séu að keppa og að flokkarnir bjóði upp á vel skilgreinda valmöguleika í málum þannig að almenningur geti tekið þátt í ákvarðanatökufurlinu.⁵⁰ Enn eldri eru svokallaðar hagrænar kenningar sem ganga út á þá trú að þó að einstaklingar séu að þjóna sínum eigin hagsmunum þá útiloki það ekki að þeir sinni hinu formlega hlutverki (þátttöku í lýðræðinu) á skilvirknan hátt.

Anthony Downs setur í þessu samhengi fram fimm frumreglur í grein sinni *An Economic Theory of Political Action in a Democracy*. Þær eru eftirfarandi:

1. *Stjórnmálaflokkar eru hópur einstaklinga sem sækjast eftir kosningu til þess að njóta teknanna, virðingarinnar og þeirra valda sem slíku fylgja.*
2. *Þeir flokkar sem mynda ríkisstjórn hafa alger völd fram að næstu kosningum.*
3. *Efnahagsleg völd ríkisstjórna eru ótakmörkuð.*
4. *Eina takmörkunin á valdi ríkisstjórnar er ef flokkar í stjórnarandstöðu reyna að hrifsa til sín völdin.*
5. *Þeir sem hér um ræðir haga sér ávallt skynsamlega, það er, reyna að ná markmiðum sínum með þeim úrræðum sem þeir búa yfir og gera einungis það sem þeir græða á eða réttara sagt það sem færir þeim meiri gróða en það sem þeir leggja til á móti.⁵¹*

Kenning hans gengur því í stuttu máli út á að stjórnmálaflokkar í lýðræði búi sér til stefnu eingöngu í þeim tilgangi að fá atkvæði. Til að ná kjöri og verða hluti af ríkisstjórn geta flokkarnir náð markmiðum sínum með hjálp hagsmunahópa frekar en að reyna að ná kjöri til að þjóna þessum hagsmunahópum. Því er það félagslegt hlutverk þeirra, að búa til stefnu og framfylgja henni þegar komist er til valda og um leið þjónar það markmiði þeirra að mati Downs að njóta launanna, valdanna og þeirrar virðingar sem því fylgir. Einnig heldur Downs því fram að margir hafi talið það vera hlutverk ríkisstjórna að hámarka sameiginlega velferð (e. *social welfare*) og það er í raun venjan.⁵² Downs bendir þó á tvo annmarka á þessari trú. Annars vegar er frekar óljóst í hverju hlutverk ríkisins felst og hins vegar er óljóst hvernig beri að hámarka

⁵⁰ Schattschneider, „*The semisovereign people*,“ 65.

⁵¹ Downs, „*An economic theory of political action in a democracy*,“ 130.

⁵² *Ibid.*, 36.

hana. Kenning Downs gerir þannig ráð fyrir að í lýðræði muni flokkar ávallt gera það sem þeir geta til að hámarka atkvæðin sín og keppa um þau á markaði. Hvort flokkur í ríkisstjórn muni reyna að hámarka sameiginlega velferð fer eftir því hvernig samkeppnin er og hvaða áhrif hún hefur á flokkana. Dæmi um það gæti verið yfirboð flokka til dæmis hvað varðar fæðingarorlof. Flokkur A segist vilja lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði en flokkur B segist vilja lengja það í 18 mánuði. Flokkur B sigrar og kemur því í framkvæmd og þá græða foreldrar vissulega á þessari lengingu og opinber þjónusta eykst.

Down segir að kjósendur muni velja sér flokk sem muni gefa af sér sem mestar nytjar til kjósandans. Að lokum fjallar Downs um að upplýsingaskortur hins almenna kjósanda geti leitt til þess að flokkar verði að koma fram með ákveðna hugmyndafræði (stefnu). Með stefnunni er flokkurinn að reyna að fá atkvæði kjósenda sem kjósa að minnka kostnaðinn við að mynda sér skoðun á öllu. Þetta þýðir þó ekki að flokkar geti breytt hugmyndafræðinni mikið þar sem skynsamir kjósendur vilja ekki styðja óáreiðanlega flokka og enginn flokkur hefur efni á því að vera talinn óheiðarlegur. Einnig sé mikilvæg að samræmi sé á milli hugmyndafræði flokksins og athafna hans, því annars muni kjósendur hætta að treysta hugmyndafræðinni og flokkurinn teljist óáreiðanlegur.⁵³

Downs fjallar einnig um hvað gerist þegar flokkar færa sig nær miðju og segir hann þá í raun geta tapað á því. Atkvæðin sem þeir ná í miðjunni eru jöfn þeim atkvæðum sem flokkurinn tapar í hinum öfgakenndari endahluta. Um nokkurs konar normaldreifingu verður því að ræða. Í margra flokka kerfi mun ríkisstjórn alltaf vera með stefnu sem er ekki mjög skýr því hún þarf að innihalda ákveðin hluta frá hverjum hópi fyrir sig. Báðir aðilar þurfa að koma fyrir í henni áhersluatriðum sínum og geta sagt við kjósendur sína að málin hafi fengið brautargengi.

Í grein eftir Michael Johnston „*Political parties and democracy in theoretical and practical perspectives*“ kemur fram svipað viðhorf og í greiningu Downs. Þar segir að kjósendur séu líklegri til að taka þátt þegar þeir eiga eitthvað undir í útkomunni. Í því felist ákveðin þversögn þar sem lýðræðið sem í sjálfu sér er í þágu fjöldans nýtist í þágu einstaklingsins og hagsmuna hans. Kosningar séu í raun sanngjörn samkeppni þar sem stofnanir gera borgurum og hagsmunahópum kleift að verja hagsmuni sína og um leið gera stjórnámálamenn ábyrga fyrir

⁵³ Downs, „An economic theory of political action in a democracy,“ 142.

gerðum sínum. Í þessu ferli eru stjórnmálaflokkar einna mikilvægastir að mati Johnstons.⁵⁴ Í þeim sameinast bæði lýðræðisleg þátttaka kjósenda og stofnanir og eru flokkarnir nauðsynlegir til að jafnvægi skapist á milli þessara þátta. Þeir eru milliliðurinn milli leiðtoga og kjósenda og einfalda valmöguleikana og spyrða þá saman við hagsmuni kjósendanna. Johnston telur líka að skilgreining Schattschneider eigi enn við í dag. En eftir standi að í þeim lýðræðisríkjum þar sem flokkar eru sterkir þurfa hagsmunahópar meira á þeim að halda en flokkarnir. Sterkir flokkar ýta undir það sem er sameignlegt og hunsa það sem stendur út af. Að mati Johnstons er það ekki gert af dyggð heldur til þess eins að vinna kosningar. Án stjórnmálaflokka hefðu kjósendur og samfélög færri lýðræðislega kosti.⁵⁵

Þekkt kenning Katz og Mair um samtryggingarflokka (e. *cartel parties*) leit fyrst dagsins ljós í greininni „*Changing models of party organization and party democracy: The emergence of the cartel party*“. Þar halda höfundar því fram að þróast hafi ný skilgreining á stjórnmálaflokkum og nefnist þessa nýja tegund, samtryggingarflokkar⁵⁶. Slíkir flokkar tryggja sitt eigið líf í samvinnu við aðra flokka. Frá aldamótum 1900 fram undir miðja 20. öldina var litið á stjórnmálaflokka út frá tengslum þeirra við samfélagið. Það eru þó nokkur vandkvæði á því. Í fyrsta lagi var það sú tilhneiging að setja fjöldaflokka sem módel sem allt annað var dæmt út frá. Í öðru lagi var ekki gefin nægilegur gaumur að mismuni á milli flokka og hvernig sá munur lýsir sér í ólíkum samskiptum við ríkið.⁵⁷

Í eldri kenningum var gert ráð fyrir svokölluðum fjöldaflokk (e. *mass party*). Þar var gert ráð fyrir að hið pólitíska litróf og hagsmunahópar innan hans væru vel skilgreindir. Þá var talið að stjórnmál snerust að mestu leyti um samkeppni á milli þessara hópa og mestu skipti að ná yfirráðum í ríkinu til að geta komið sínum fulltrúum í embætti. Hagsmunir hópanna væru vel skilgreindir innan flokksins og væru á stefnuskrá þeirra. Var almennt talið að slíkir flokkar væru með beint samband á milli kjósendanna og ríkisins.⁵⁸

⁵⁴ Johnston, „*Political Parties and Democracy in Theoretical and Practical Perspectives*.“ 4

⁵⁵ Johnston, „*Political Parties and Democracy in Theoretical and Practical Perspectives*,“ 4-5.

⁵⁶ Katz og Mair, „*Changing models of party organization and party democracy. The emergence of the Cartel party*,“ 5.

⁵⁷ *Ibid.*, 5.

⁵⁸ *Ibid.*, 7.

Á sjöunda áratug síðustu aldar komu fram það sem kallað var „*catch all*“ flokkar og skoraði á hólmi kenningarinnar um að samfélagið byggðist upp á vel skilgreindum hópum. Þessar hugmyndir litu dagsins ljós á sama tíma og mikill hagvöxtur átti sér stað og þörfin fyrir velferðarríki jókst. Einnig voru fjölmiðlar farnir að leika stærra hlutverk við að bera út boðskap flokkanna til fleiri og talið að kjósendur væru farnir að haga sér meira eins og neytendur fremur en virkir þátttakendur. Samkvæmt þeim Katz og Mair dró þetta úr mikilvægi kjósendanna og sambandið á milli flokka og lýðræðisins var ekki eins ljóst og áður var.⁵⁹ Höfundarnir lýsa vel í greininni muninum á þessum tveim fyrrnefndu flokkum og svo að lokum samtryggingarflokknum. Munurinn liggur að þeirra mati í því að fjöldaflokkurinn var hluti af hinu borgaralega samfélagi þar sem beint samband var frá kjósendum til valdsins og þeir mótuðu stefnuna til lengri tíma með hagsmuni sína að leiðarljósi. Hinn síðarnefndi, „*catch all*“ flokkur var ekki hluti af samfélaginu heldur er hann á milli samfélagsins og ríkisins.⁶⁰

Höfundar nefna að lokum nokkur atriði sem hafa orðið til þess að til varð þriðja tegundin, þ.e. samtryggingarflokkurinn. Í fyrsta lagi er það hversu einsleitur hópur það var sem hafði kosningarétt á 18. öldinni. Það hafi verið eins og Edmund Burke lýsti: hópur af karlmönnum sem sinnti hagsmunum almennings, þó svo sagan sýni að það hafi í raun verið eiginhagsmunir sem þeir voru að verja og berjast fyrir.⁶¹ Flokkarnir voru því samansafn af fólki sem var bæði fulltrúar ríkisins og samfélagsins. Upp úr því spruttu svo fjöldaflokkarnir með betra skipulag, formlega fundi og meðlimi en þeir samanstóðu oft af hópi sem nýlega hafði fengið réttindi til að taka þátt í kosningum.⁶² Urðu stjórn málaflokkar þá að brúa bilið milli ríkisins og samfélagsins.

Í endurskoðun á grein þeirra félaga árið 2009 kemur fram að flokkar reiða sig sífellt minna á ákveðna hópa samfélagsins og treysta æ meir á atvinnumennsku við rekstur viðfangsefna sinna. Þeir eru því stöðugt háðir aðgangi að ríkisvaldinu til að útvega sér gæði eins og fjármagn, sérþekkingu og möguleika á að láta rödd sína heyrast.⁶³ Flokkarnir stunda því

⁵⁹ Katz og Mair, „Changing models of party organization and party democracy. The emergence of the Cartel party“, ., 7-8.

⁶⁰ Ibid., 8.

⁶¹ Ibid., 10.

⁶² Ibid, 10.

⁶³ Katz og Mair, „The Cartel party thesis: a restatement.“

ákveðna samtryggingu með því að veita hver öðrum aðgang að gæðunum óháð því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

5. Popúlismi

Hugtakið „popúlismi“ hefur verið þýtt sem lýðskrum og þykir það orð hafa mjög neikvæðan blæ yfir sér.⁶⁴ Í fræðilegri og almennri umfjöllun síðustu ára héraendis hefur orðið popúlismi frekar verið notað og verður það gert hér.⁶⁵

Nafn hollenska stjórn málafræðingsins Cas Mudde skýtur oft upp kollinum þegar hugtakið popúlismi er skoðað út frá fræðilegu sjónarhorni og má segja að hann hafi verið leiðandi í fræðilegum skrifum á hugtakinu. Hann hefur sérhæft sig í rannsóknum á popúlisma í lýðræðissamfélögum og framan af einbeitti sér hann að því að skoða svokallaða popúliska hægri flokka. Á undanförunum árum hafa hins vegar komið fram vinstri flokkar sem geta fallið undir skilgreiningu á popúlisma og hefur Mudde einnig beint sjónum sínum að þeim.⁶⁶

Samkvæmt Mudde eru tvær algengustu skilgreiningarnar á hugtakinu popúlismi báðar gildishlaðnar og fremur neikvæðar. En popúlismi hefur í gegnum tíðina verið skilgreindur sem stjórn mála fjöldans sem stjórnist mikið til af tilfinningum hans. Lausnirnar sem þessi stjórn mála fjöldans bjóða upp á séu oft einfaldar og grípandi slagorð ríkjandi. Þessi skilgreining er illmælanleg þar sem erfitt er að mæla tilfinningar og hrifnæmi einfaldra slagorða.⁶⁷ Annars vegar hefur popúlisma verið lýst sem tækifærissinnuðum stjórn mála sem stökkva til og reyna að höfða til fólksins og „kaupa“ stuðning þeirra í stað þess að leita bestu lausnanna.

Dæmi um slíkt gæti verið kosningaloforð um skattalækun rétt fyrir kosningar eða loforð um einhverskonar fjárhagslegan ávinning án tilkostnaðar. Einnig ganga flestar kenningar um popúlisma út frá því að til staðar séu tveir ólíkir og andstæðir hópar, annars vegar „elítan“ og hins vegar „fólkið“ og að popúlisminn snúist um að skýra samskipti og togstreitu milli þessara hópa.⁶⁸

⁶⁴ „Snara.“

⁶⁵ Sjá umfjöllun í helstu fjölmiðlum. Til dæmis „Illskilgreinarlegur populismi.“

⁶⁶ Mudde, „Europe’s populist surge: A long time in the making.“

⁶⁷ Mudde, „*The populist Radical Right in Europe.*“

⁶⁸ Mudde, „The populist Zeitgeist,“ 542.

Mudde bendir þó réttilega á að þó að þessar skilgreiningar séu útbreiddar og ef til vill auðskiljanlegar nái þær ekki að skilgreina popúlisma á fræðilegan máta og segji í raun lítið um hvort um sé að ræða hugmyndafræði eða pólitíska hreyfingu.

Svar Mudde við þessum skilgreiningarskort var að smíða sína eigin og reyna þar með að sníða vankanta af öðrum hugmyndum um hugtakið;⁶⁹ *Popúlismi er hugmyndafræði sem skiptir samfélaginu í tvo einsleita og andstæða hópa; „hreina og óspillta fólkið“ og „hina spilltu elítu“ og segir að stjórnmal ættu eingöngu að endurspegla vilja fólksins.*⁷⁰

Því hefur verið haldið fram að popúlismi sé ákveðin hugmyndafræði og hefur hann ekki hlotið sömu athygli og verið rannskaður eins ítarlega og stefnur á borð við sósíalisma og frjálslyndisstefnu. Hafa rannsakendur á sviði stjórnmála gjarnan haldið því fram að popúlismi sé í eðli sínu frekar „þunn hugmyndafræði og þröng sýn“.⁷¹

Einnig hefur verið bent á að þar sem hugmyndafræði popúlisma getur við fyrstu sýn virkað frekar einföld sé auðveldlega hægt að blanda henni saman við aðra hugmyndafræði á borð við kommúnisma, þjóðernishyggju eða sósíalisma. Popúlismi þykir jafnframt byggður á mórölskum og huglægum gildum í stað þess að fylgja ákveðnum ramma og reglum eins og oft er í annarri hugmyndafræði. Þá er hægt að segja að popúlismi treysti á hefðbundinn skilning á hugtökunum elítan og fólkið og gerir ráð fyrir að báðir hópar séu einsleitir og lítið sé um málamiðlarnir milli þeirra. Annað hvort er fólk vinir eða óvinir. Mótherjar eru ekki einungis fólk með aðrar skoðanir heldur er það hreint og beint vont.⁷² Því er ekki hægt að gera málamiðlanir milli þessara hópa þar sem það spillir „hreinleika“ þessara andstæðu fylkinga (fólksins).

Mudde viðurkennir að skilgreining hans á popúlisma sé frekar víð og opin fyrir túlkunum en undirstrikar að það þýði ekki að allir stjórnmálamenn séu í raun popúlistar sem séu bara að reyna að fara að vilja fólksins. Hann bendir á að stefnur flokka í dag séu oft mjög almennar og eigi vel að geta rúmað ólík sjónarmið.⁷³ Þá hafa fræðimenn jafnframt fjallað töluvert um hversu óljóst hugtakið „fólkið“ er. Sumir þeirra hafa jafnvel haldið því fram að

⁶⁹ Ibid., 544.

⁷⁰ Mudde, „Europe’s populist surge: A long time in the making.“

⁷¹ Stanley, „The thin ideology of populism.“

⁷² Mudde, „The populist Zeitgeist,“ 544.

⁷³ Mudde, „The populist Radical Right in Europe,“ 10.

hugtakið sé í raun ekki til og eigi ekki við um neinn ákveðin hóp á meðan aðrir segja að hugtakið beri að skilja út frá stéttaskiptingu og að hver stétt sjái sig sem „fólkið“.⁷⁴

En eins óljóst og hugtakið fólkið er í fræðum popúlismans þá er það mun skýrara á móti hverjum hann er. Í lýðræðisríkjum þar sem rótgrónir stjórnmalaflokkar eru aðalleikendur á sviði stjórnmála er popúlistar yfirleitt á móti þeim flokkum sem fyrir eru. Fylgismenn popúlisma halda því fram að þessir flokkar séu spilltir og að sambandið milli leiðtoga flokkanna og kjósenda sé þar af leiðandi einnig spillt. Ástæða þessa spillta sambands sé einmitt flokkurinn sjálfur.

Algengur misskilningur varðandi stefnu popúlisma er að þeir vilji breyta fólkinu. Réttara er að segja að popúlistar vilji breyta stöðu þess innan kerfisins. Þá segjast þeir oft tala fyrir hönd hins kúgaða minnihluta og að þeir séu með því að ljá þeim nauðsynlega rödd. Þetta er ólíkt því sem til dæmis sósíalistar vildu gera með því að mennta verkamennina betur til að frelsa þá frá vitundarleysi sínu. Popúlistar vísa hinsvegar oft til samvisku fólksins og almennrar skynsemi og segja að það sé nauðsynlegur grunnur í öllum góðum stjórnarháttum.⁷⁵

Fleiri hafa skilgreint popúlisma og hafa þeir Koen Abts og Stefan Rummens til að mynda sagt hann vera leið til að bæta fyrir hnökra í lýðræðinu og brotin loforð stjórnmálamanna. Popúlisminn endurrómi rödd fólksins og komi í veg fyrir að lýðræðið líði undir lok. Ernesto Laclau er á sömu slóðum þegar hann segir að popúlismi sé leið fyrir nýja félaglega hópa til að hafa eitthvað að segja innan lýðræðisins.⁷⁶ Margret Canovan heldur því hins vegar fram að popúlismi sé leið til að draga úr neikvæðum þáttum stjórnmálanna og minnki fjarlægð á milli kjósenda gagnvart því sem mætti kalla „atvinnustjórnmálum“.⁷⁷

Í rannsókn fræðimanna Maureen A. Eger og Söru Valdez er hægri popúlískum flokkum skipt upp á tvívíðan ás þar sem annars vegar eru mældar helstu áherslurnar í kosningaskránum í gagnagrunni MPD og hinsvegar fimm umferðir í Evrópsku félagskönnuninni þar sem mæld

⁷⁴ Nicholson og Segura, „Who’s the party of the people? Economic populism and US public’s beliefs about political parties,“ 370.

⁷⁵ Mudde, „The populist Radical Right in Europe,“ 25.

⁷⁶ Laclau, „On populist reson,“ 15.

⁷⁷ Canovan, „Trust the people. Populism and two faces of democracy,“14.

eru viðhorf kjósenda hægri popúlístaflokka og hvort þau samræmist áherslum flokkanna í kosningaskrá þeirra.

Niðurstöður þeirra eru í stuttu máli þær að hægri popúlískir flokkar eru ekki lengur hliðhollir frjálslyndi í efnahagsmálum með lægri sköttum og minni samneyslu, heldur vilja að sköttum sé eytt í að verja velferðarkerfið og almenn ríkisútgjöld.⁷⁸ Kjósendur flokka sem hafa hingað til verið skilgreindir sem hægri popúlískir eru almennt á móti Evrópusambandinu, á móti innflytjendum, og vilja að sköttum sé varið í að halda uppi góðu velferðarkerfi fyrir þá sem eru „réttir“ íbúar landsins.⁷⁹

Þessar niðurstöður benda til þess að nú sé komin fram ný flokkafjölskylda sem sé ekki sú sama og áður hýsti róttæka hægri flokka. Þær sýna að nýja flokkafjölskyldan myndi hóp af flokkum sem hafi stefnu sem er samfelld í gegnum tíma og eigi sér stað fjarri hugmyndafræði róttæku hægri flokkanna. Andstaðan við innflytjendur er sameiginleg meðal nýju flokkafjölskyldunnar að þeirra mati.⁸⁰

Betz og Johnson hafa hinsvegar haldið því fram að þegar öllu sé á botnin hvolt sé róttæk hægri popúlíst hugmyndafræði svar við breytingum á hinu hefðbundna þjóðríki (e. *ethno-national dominance*) sem hefur verið lengi við lýði.⁸¹ Þetta fellur vel við nýlega skilgreiningu á stéttum sem þeir Kitschelt og Mcann (1995) hafa komið fram með sem segir að í stað þess að skipta stéttum upp eftir vinnuafli og fjármagnseigendum sé nú hægt að skipta þeim upp í sigurvegara og tapara þegar kemur að alþjóðavæðingu. Taparar eru þeir sem vilja halda menningu, samfélagi og hagkerfi frá alþjóðavæðingunni og svo eru þeir sem taka henni fagnandi og vilja jafnvel meiri samþættingu í gegnum hana. Þetta sjáist einna best í afstöðu gagnvart þeim þáttum sem mikið hefur verið einblínt á hér; Evrópusambandinu, innflytjendum og tollabandalögum svo fátt eitt sé nefnt.⁸²

⁷⁸ Eger og Valdez, „Neo-nationalism in Western Europe,“ 3.

⁷⁹ Ibid., 5.

⁸⁰ McGann og Kitschelt, „*The Radical Right in The Alps. Evolution of Support for the Swiss SVP and Austrian FPÖ.*“

⁸¹ Betz og Johnston, „Exclusionary populism in Western Europe in the 1990s and beyond. A threat to democracy and civil rights. Identities, Conflict and Cohesion programme.“

⁸² Kitschelt og McGann, „*The radical right in Western Europe: A Comparative analysis.*“

Undanfarin ár geta seint talist góð ár hjá Evrópu. Þau hafa litast af hryðjuverkaárásum (París), efnahagskrísunum (Grikkland) og flóttamannavanda. Einnig stendur Evrópusambandið nú í fyrsta skipti frammi fyrir því að eitt aðildarríki ætla að ganga úr sambandinu (Bretland) og umræðan í Frakklandi er á þá leið að kjósa eigi um áframhaldandi veru þess í sambandinu.

Þetta hefur haft það í för með sér að popúlisminn hefur átt greiða leið inn í evrópsk stjórnsmál að mati Mudde.⁸³ Hryðjuverkaógn, ótti við bylgju innflytjenda í bland við þá trú að Evrópusambandið hindri í stað þess að hjálpa þegar kemur að þessum málum hafa skapað kjöraðstæður fyrir fylgismenn popúlisma. Þar er hægt að nefna Viktor Orbán, forsætisráðherra Ungverjalands, en hann hefur nýtt sér vaxandi ótta Evrópubúa og talað á móti Angelu Merkel, kanslara Þýskalands og „Culture of Welcoming“ (Wilkommenskultur).

Þrátt fyrir að Cas Mudde hafi sagt að áhrif popúlístaflokka hafi verið töluvert ýkt⁸⁴ er ekki hægt að neita að áhrifin hafa aukist. Slíkir flokkar hafa verið að fá fleiri atkvæði og setu á þingum í mörgum Evrópuríkjum. Í rannsókn sem gerð var af Ronald F. Inglehart og Pippu Norris kom fram að meðaltal atkvæða slíkra flokka hafi tvöfaldast frá sjötta áratug síðustu aldar og farið frá því að vera 5,1% í það að vera 12,8%.⁸⁵ Að þeirra mati eru áhrif slíkra flokka mjög mikil þó svo þeir fari ekki í ríkisstjórn og nefna því til stuðnings að andstaða UKIP flokksins í Bretlandi hafi ýtt undir að farið var í kosningar um hvort Bretland ætti að vera innan Evrópusambandsins og það hafi leitt af sér bylgju innan annarra popúlístaflokka innan Evrópu sem hafa komið fram með sömu kröfu.⁸⁶

Í rannsókn þeirra kemur líka fram að stuðningur við popúlístaflokka í Vestur-Evrópu er mestur á meðal eldri kynslóðarinnar, karlanna og einstaklinga með litla menntun. Að þeirra mati höfðar hugmyndafræði popúlístaflokka til þeirra hópa sem upplifa sig sem utanaðkomandi í eigin landi og að þeirra gildi og mikilvægi í samfélaginu fari minnkandi.⁸⁷

⁸³ Mudde, „Europe’s populist surge: A long time in the making.“

⁸⁴ Mudde, „*The populist Radical Right in Europe*,“ 26

⁸⁵ Inglehart og Norris, „Trump, Brexit and the Rise of Popular economic have-nots and cultural backlash.“ 5

⁸⁶ Ibid, 6.

⁸⁷ Ibid, 6.

Popúlistar vilja líka að „fólkið“ hafi meira að segja í gegnum skoðanakannanir og þjóðaratkvæðagreiðslu í stað þess að treysta því að réttindi þess og skoðanir séu varin í fulltrúalýðræðinu.⁸⁸

Mudde bendir hins vegar á að þrátt fyrir að þessar ógnir við öryggi og efnahag Evrópu undanfarin ár hafi leitt til aukins fylgis popúlisma þá hafi þær ekki skapað hann. Rætur hans megi rekja til breytingar á evrópskri samfélagsgerð á sjötta áratug seinustu aldar. Vegna þess hve oft er horft framhjá þessum djúpu rótum popúlismans er áhrifamáttur hans oft vanmetinn. Þó sé það reyndar satt að popúlistaflokkar hafa oft átt erfitt með að halda í þau völd sem þeir öðlast þá er þarft að benda á að í pólitísku, efnahagslegu og fjölmiðlalandslagi evrópsks samtíma er popúlisminn að mælast með mesta fylgi síðan í seinni heimsstyrjöld. Til þess að snúa við þessari fylgisaukningu þurfa rötgrónir miðjuflokkar Evrópu og sú elíta sem þeim stjórnar að mæta ástandinu með ákveðni að mati Cas Mudde og beita meira skapandi lausnum en þeir hafa sýnt undanfarna áratugi.⁸⁹ Málefnið virðist snerta taugar margra og til er dæmi um félagsfræðing í Hollandi sem hvatt hefur fræðaheiminn til að stíga upp og fordæma popúlismann sem slíkan.⁹⁰

Norðurlöndin hafa heldur ekki farið varhluta af umræðunni um popúlisma og er slíkur flokkur til staðar hjá þeim öllum fyrir utan Ísland en eins og fram hefur komið er ætlunin að skoða hvort Framsóknarflokkurinn stefni í slíka átt. Það er ekki lengur hægt að segja að Norðurlöndin séu öll með stöðugt fimm flokka kerfi eins og verið hefur frá því upp úr aldamótunum 1900. Nýjungarnar eru þær að bæði kristilegir flokkar, grænir flokkar og svo þeir sem hafa verið kallað popúlískir hægri flokkar sem hafa náð þó nokkrum árangir í kosningum sl. ár. Fimm flokka módelið hefur verið notað til að lýsa norræna flokka módelinu þar sem til staðar er einn sósíal-demókratískur flokkur, vinstri flokkur, íhaldsflokkur, bænda flokkur og svo frjálslyndur flokkur var nokkuð stöðugt á árunum 1930-2000.⁹¹ Ef hinsvegar er litið 20-30 ár til baka sést að kristilegir demókrataflokkar hafa verið að ryðja sér til rúms ásamt grænum flokkum og nú séu popúlískir flokkar að verða gildandi.⁹²

⁸⁸ Zaslove, „Here to stay? populism as a new party type.“

⁸⁹ Mudde, „Europe’s populist surge: A long time in the making.“

⁹⁰ Rooduijn, „Simply studying populism is no longer enough.“

⁹¹ Jungar og Jupskas, „Populist radical right parties in the Nordic region: A new and distinct party family?“

⁹² Ibid.

Þrátt fyrir að til sé þó nokkur fræðiefni um flokka sem eru andvígir innflytjendum hefur ríkt lítil samstaða um hver sé þeirra hugmyndafræði og hvaða flokkafjölskyldu þeir tilheyri. Þetta sýnir sig m.a. í orðanotkuninni en slíkir flokkar hafa m.a. verið kallaðir öfga hægri flokkar og popúlískir hægri flokkar. Í grein sem nefnist *Populist radical right parties in the Nordic region* kemur fram að verið sé að finna út hvað slíkir flokkar eru þar sem það virðist vera þekkt hverjir þeir eru. Mudde hefur blandað sér í þessa umræðu og segir að ekki sé lengur hægt að kalla þessa flokka öfga hægri flokka.⁹³ Þrátt fyrir að mörgum bjóði við málflutningi þeirra benda vinsældir þessara flokka til þess að þeir séu að höfða til víðari hóps en áður var talið.

Dæmi eru tekin af norska Framfaraflokknum sem hefur verið á þingi frá 1973 og fór í ríkisstjórn árið 2013 og danski Þjóðarflokkurinn hefur stutt minnihlutastjórnir. Í greininni kemur fram að sjá má mun í afstöðu flokkanna þar sem flokkar sem eru á móti innflytjendum vilja ekki lækka skatta og draga úr velferðarþjónustu heldur þvert á móti segjast standa vörð um velferðarkerfið og leiðin til þess sé að draga úr fjölda innflytjenda. Rannsóknir hafa bent til þess að innflytjendamál væru lykilatriðið til þess að finna það sem áður hefur verið nefnt popúlískir hægri flokkar en aðrar rannsóknir sem skoða prófíl kjósenda benda til þess að það að vera á móti innflytjendum sé hluti af stærri pólitískri hugmyndafræði.⁹⁴

Þrátt fyrir að danski Þjóðarflokkurinn, Sannir Finnar og Svíþjóðardemókratar eigi sér ólíkar rætur er því haldið fram að þeir hafi þróast í sambærilega átt með því að hugmyndafræði þeirra er orðin líkari. Nöfn þeirra gefa til kynna þjóðernislega afstöðu, eru mjög valdboðandi hvað varðar menningu og stefna þeirra í efnahagsmálum er lík hefðbundnum miðjuflokkum. Því er einnig haldið fram að þeir tilheyri núna nýrri flokkafjölskyldu sem séu popúlískir flokkar. Framfaraflokkurinn í Noregi sker sig úr þar sem hann er ekki eins valdboðandi og meira til hægri í efnahagsmálum í samanburði við hina þrjá flokkana en á þó harða stefnu í málefnum innflytjenda sameiginlega. Telja Lubbers, Gjisbert og Sheerpers hann vera nokkurs konar „blending“ á milli popúlísku hægri flokkafjölskyldunnar og hefðbundinna íhaldsflokka.⁹⁵

⁹³ Mudde, „The populist radical right: a pathological normalacy,“ 1180.

⁹⁴ Lubbers, Gjisbert og Scheerpers, „Extreme right wing voting in Western Europe,“ 377.

⁹⁵ Ibid., 379.

Á ritunartíma þessarar ritgerðar kom út grein eftir Eirík Bergmann, sem ber heitið, *Populism in Iceland: Has the Progressive Party Turned Populist?* Þar spyr hann hvort að unnt sé að halda því fram að Framsóknarflokkurinn hafi sveigst til hægri popúlisma undir stjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og hvort rétt sé að skilgreina flokkinn með öðrum popúlistaflokkum í Evrópu. Eiríkur telur popúlisma nátengdan þjóðernishyggju og að bæði hugtök séu síður en svo ný af nálinni í Evrópu.⁹⁶ Eiríkur bendir á að „popúlista-merkimiðanum“ hafi hingað verið til verið skellt á flokka sem teljast til frjálslyndra hægri flokka en undanfarið einnig á þá flokka sem berjast fyrir vernd heilbrigðiskerfisins, sem sagt, flokka sem hægt væri að skilgreina til vinstri. Eiríkur tekur undir áhrifaríka skilgreiningu Mudde á hugtakinu popúlismi en nefnir þar að auki sjálfur tíu almenn atriði sem hann telur einkenna popúlíska flokka:⁹⁷

Í fyrsta lagi nefnir hann að algengt sé að hægrisinnaðir flokkar í Evrópu séu á móti fjölpjódmenningu og vilji stemma stigu við komu flóttamanna til landsins. Í öðru lagi eru þetta oft valdboðandi aðilar (e. *authoritarian*), með áhrifamikla leiðtoga gædda miklum persónutöfrum. Í þriðja lagi telur Eiríkur upp einfaldan boðskap sem einkenni. Lausnirnar sem leysa eiga fremur flókin vandamál eru oft settar fram á einfaldan hátt og jafnvel oft í slagorðaformi. Í fjórða lagi aðhyllast popúlistaflokkar oft ákveðinn boðskap sem kemur í stað raunverulegra lausna á vandamálum samtímans. Í fimmta lagi telur Eiríkur hægrisinnaða þjóðernispopúlista flokka vera útilokandi, þ.e. þeir skipta samfélaginu upp í „okkur“ og „hina“. „Hinir“ geta til dæmis verið flóttamenn, hælisleitendur, eða trúar-minnihlutahópar sem eiga að vera ógn við menningu „okkar“ og það samfélag sem „við“ höfum byggt. Í sjötta lagi eru popúlistar á móti elítum þó svo að leiðtogar þeirra komi oft úr þeim hópi. Í sjöunda lagi, þá segjast popúlista flokkar á tíðum vera frjálslyndir þegar kemur að markaðnum en í raun eru þeir oft á móti erlendri samkeppni, þá sérstaklega í landbúnaði. Þessu tengt er áttunda atriðið en Eiríkur segir popúlista flokka yfirleitt höfða frekar til tilfinninga en röksemda og forðist þar með vitræna umræðu um málefni sín. Í níunda lagi eru popúlistar oft fylgjandi hörðum refsingum og leggja mikla áherslu á lög og reglur. Að lokum nefnir Eiríkur að flestir popúlistar séu á móti Evrópusambandinu.⁹⁸

⁹⁶ Eiríkur Bergmann, „Populism in Iceland: has the progressive party turned populist?“ 32.

⁹⁷ Ibid., 35.

⁹⁸ Ibid., 36.

Þeir flokkar og einstaklingar sem taldir eru til popúlisma geti aðhyllst bæði vinstri og hægri stjórnmálastefnur. Helsti munurinn að mati Eiríks er sá að þeir sem eru til hægri eru uppteknari af hagsmunum „venjulega fólksins“ á meðan þeir til vinstri leggja meiri áherslu á þá sem standa halloka.⁹⁹ En ef litið er til Íslands heldur Eiríkur því fram að þjóðernishyggja hafi haft mikið að segja í íslenskum stjórnmálum. Lengi vel hafi íslensk stjórnmál snúist um ákveðin vinstri-hægri ás, og afstaðan í utanríkismálum hafi mótast af henni (og þá einna helst í tengslum við Nato og Evrópusambandið).¹⁰⁰ Fáir efast um áhrif og mikilvægi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á íslensk stjórnmál og telur Eiríkur að sjálfstæðisbaráttan hafi enn í dag áhrif á stjórnmál Íslands. Baráttan sé í raun enn í fullu gildi, henni ljúki aldrei og það sé því hlutverk allra Íslendinga að halda henni áfram. Eiríkur telur einnig að þessi eindregna þjóðernishyggja sem finna hafi mátt í öllum flokkum hafi í raun orðið til þess að ekki varð til á Íslandi sérstakur lífseigur hægri þjóðernisflokkur, þó einhverjar skammlífar tilraunir hafi litið dagsins ljós. Eiríkur fjallar einnig um það hvernig Icesave málið umtalaða hafi tengst þjóðernishyggju Íslands nánnum böndum. Þessi tenging rími einnig við það sem fram kom að ofan um að það sé stöðug vinna að halda sjálfstæðinu við. Margir litu á kröfur Breta og Hollendinga um greiðslu Icesave sem árás á sjálfstæði landsins og sem merki um hversu slæmt það yrði ef Ísland væri í Evrópusambandinu.¹⁰¹

Tekin eru nokkur dæmi þar sem Framsóknarflokkurinn sýnir merki um eitt af hinum 10 einkennum popúlistaflokka. Þar nefnir hann fyrst framgöngu formannsins, Sigmundar Davíðs, í Icesave málinu. Þar hafi umræðunni verið snúið upp í það að Íslendingar ættu ekki að borga og væru í raun fórnarlömb grimmra útlendinga sem hefðu það eitt markmið að knésetja landið. Þjóðerniskenndin varð mjög greinileg í öllum mótmælum og iðulega sást íslenski fáninn í mótmælunum ásamt fánum sem voru með rautt merki yfir Evrópusambandsfánanum. Eiríkur telur að Icesavedeilunni hafi haganlega verið snúið yfir á spurninguna um Evrópusambandsaðild og þessi tvö atriði tengd saman.¹⁰² Umræðan um Icesave var á köflum mjög tilfinningaþrungin og sakaði Sigmundur Davíð til að mynda Jóhönnu Sigurðardóttir, þáverandi forsætisráðherra, um að auðmýkja þjóð sína og Eygló Harðardóttir, flokkssystir

⁹⁹ Eiríkur Bergmann, „Populism in Iceland: has the progressive party turned populist?“ 36

¹⁰⁰ Ibid., 42.

¹⁰¹ „Alþingi.“

¹⁰² Eiríkur Bergmann, „Populism in Iceland: has the progressive party turned populist?“ 46

Sigmundar, sagði ríkisstjórnina vera að stunda landráð.¹⁰³ Féll þessi málflutningur almenningi vel í geð og fylgi flokksins í skoðanakönnunum jókst.¹⁰⁴

Svipað dæmi er málflutningur Framsóknarflokksins um „hrægrammasjóði“. Þar kom fram að svigrúm væri til að láta hrægrammasjóði greiða niður húsnæðislán fólksins í landinu og niðurgreiðslan gæti numið allt að 20% eða 300 milljörðum.¹⁰⁵ Einnig nefnir Eiríkur fyrstu ræðu Sigmundar Davíðs sem forsætisráðherra sem gott dæmi. Í ræðu þessari lagði Sigmundur mikla áherslu á arfleifð Íslendinga og fagnaði sigri þeirra í Icesavemálinu. Hann vísaði í arfleifð þjóðarinnar og þar sem Íslendingar væru komnir af víkingum þá væru þeir sjálfstæðir í hugsun og myndu þar af leiðandi aldrei gefast upp fyrir erlendu yfirvaldi.¹⁰⁶ Minni dæmi en þó dæmi sem vert er að minnst á eru þegar Sigmundur Davíð sagðist einungis ætla að borða íslenskar vörur¹⁰⁷ og ný útgáfa á lógói flokksins sem notuð var á flokksþingi 2011 sem þótti jaðra við að vera fasísk.¹⁰⁸ Öll þessi dæmi sem talin upp eru hér að framan telur Eiríkur vera í samhljómi við helstu einkenni popúlisma. Telur hann flokkinn hafa komið fram með einfaldar lausnir á flóknum málum. Það málefni sem þó þykir hafa gefið Framsóknarflokkum hvað mestan popúlistastimpil og í ætt við slíka flokka erlendis en það er andstaða við innflytjendalög. Sigmundur Davíð ýjaði að því í fyrirspurnartíma Alþingis að skoða ætti hvort tengsl væru á milli hælisleitenda og skipulagðrar glæpastarfsemi.¹⁰⁹ Annar þingmaður flokksins, Vigdís Hauksdóttir, stakk svo upp á því að hælisleitendur væru með ökklaband.¹¹⁰ Þessum ummælum var víða mótmælt og meðal annars af meðlimum flokksins sjálfs. Ekki ríkti þó einhugur um málið en fyrrum formaður flokksins í Reykjavík, Jón Ingi Gíslason, sagði að UKIP, breski sjálfstæðisflokkurinn væri breska útgáfa Framsóknarflokksins en UKIP hefur verið flokkaður sem hægri sinnaður popúlistaflokkur.¹¹¹ Sigmundur Davíð formaður Framsóknarflokksins sagði gagnrýnina um að flokkurinn væri orðinn popúlistaflokkur vera sprotna frá fjölmiðlum og fræðasamfélaginu. Þrátt fyrir þetta segir Eiríkur að ekki hafi beinlínis verið hægt að segja

¹⁰³ Eiríkur Bergmann, „Populism in Iceland: has the progressive party turned populist?“ 47.

¹⁰⁴ Ibid., 47.

¹⁰⁵ „Kosningasjónvarp RÚV.“

¹⁰⁶ „Stefnuræða forsætisráðherra á 143. Löggjafarþingi.“

¹⁰⁷ „Íslenski kúrin – Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.“

¹⁰⁸ Fréttablaðið, 13. apríl 2013.

¹⁰⁹ „Alþingi.“

¹¹⁰ „Alþingi.“

¹¹¹ Eiríkur Bergmann, „Populism in Iceland: has the progressive party turned populist?“ 48.

flokkinn popúlískan á þessum tíma sé miðað við hægri sinnaða popúlístaflokka í Evrópu á sama tíma. Eiríkur telur þó að þetta hafi breyst í borgarstjórnarkosningunum 2014. Framsóknarflokkurinn hafði ekki átt fulltrúa í borgarstjórn tímabilið á undan. Efsti maður á lista þeirra, Sveinbjörg Birna Þórðardóttir, lýsti því þá yfir að ekki ætti að leyfa byggingu mosku í borginni. Hún útskýrði mál sitt í sjónvarpsviðtali með því að tengja þvingunarhjónabönd við mosku og spurði hvort Íslendingar vildu fara sömu leið og Svíar og gera þvingunarhjónabönd refsiverð og setti þar með samhengi milli slíks brots og byggingu bænahúss. Þetta andmúslímska tal jók fylgi flokksins töluvert og endaði hann með 12,8% í kosningunum og tvo fulltrúa í borgarstjórn en áður hafði fulltrúinn í öðru sæti sagt sig frá kosningunum vegna mosku málsins og sú sem var í þriðja sæti færðist upp um eitt sæti. Það er ekki efni þessarar ritgerðar að fara dýpra í borgarstjórnarkosningarnar en þetta dæmi fær að fljóta með vegna þess að áhugavert þótti að formaður flokksins, Sigmundur Davíð, beið nokkuð lengi með að tjá sig vegna málsins og tók ekki afstöðu af eða á með þessum málflutningi.

Að þessu sögðu er það niðurstaða Eiríks að Framsóknarflokkurinn hafi þróast í popúlíska átt gegnum árin og þar hafi áhrif sjálfstæðisbaráttunnar mikil áhrif. Ný forysta með Sigmund Davíð fremstan í flokki hafi ýtt undir þessa þróun. Hægt er að greina öll tíu atriðin sem Eiríkur telur popúlíska flokka búa yfir í Framsóknarflokki. Það sem Eiríkur telur helst aðgreina Framsóknarflokkinn frá öðrum hefðbundnum slíkum flokkum er að hefðbundir popúlístaflokkar verða oft til sem mótmæli við hefðbundin stjórnsmál og koma í kjölfarið á stórum atburðum í heimssögunni, eins og Syriza í Grikklandi í kjölfar kreppunar. Framsóknarflokkurinn er hinsvegar aldagamall flokkur í íslenskum stjórnsmálum. Þrátt fyrir það telur Eiríkur flokkinn tilheyra mildari útgáfum af popúlístaflokkum eins og Svissneska þjóðarflokknum og Austurríska frelsisflokknum.¹¹²

Í dag eiga popúlísta flokkar fulltrúa á þingi í flestum löndum Evrópu. Að mati Mudde eru þeir sem því trúu að popúlismi dagsins í dag sé tímabundin hreyfing sem skapar „augnablik“ fremur heldur en tímabil og muni á endanum mistakast þegar þeir komast til valda, haldnir óskhyggju. Þeir sem þessu trúu horfa gjarna of fast á söguna og líta framhjá þeim miklu breytingum sem evrópskt samfélag hefur gengið í gegnum undanfarin ár að hans sögn.

¹¹² Eiríkur Bergmann, „Populism in Iceland: has the progressive party turned populist?“ 51.

6. Norðurlöndin, systurflokkar og þekktir popúlistaflokkar

Í ræðu og riti eru oft talað um Norðurlöndin sem eina heild. Einnig hefur verið kennt við þau módel um hið svokallaða skandinavíska samstöðulyðræði en þetta módel varð til í kringum 1930.¹¹³ Segja má að samfélagsþróunin á Norðurlöndunum hafi að mestu leyti verið sambærileg þar sem flest fóru þau frá því að vera hefðbundin bændasamfélög á 18. öld yfir í iðnaðarsamfélög með flóknari iðnað og meiri borgarmyndun. Í dag eru Norðurlöndin öll sjálfstæð ríki en eiga um leið margt sameiginlegt og hafa þau gegnum aldirnar myndað margvísleg tengsl. Oft er vísað til þeirra sem einnar einingar í Norður-Evrópu og eru þau þá nefnd einfaldlega Skandinavía. Löndin deila sameiginlegri sögu og menningu og eru enn talin frekar einsleitar þjóðir, þó það hafi verið að breytast undanfarna áratugi.¹¹⁴

Mörg önnur lönd hafa litið til Norðurlandanna sem sönnunina fyrir því að þingræði virkar og geti jafnvel verið gagnlegt þegar eitthvað steðjar að. Oft er vitnað til þeirra á alþjóðavettvangi sem einnar heildar og talað um norrænu blokkina. Pólítíska menningin er einnig frekar einsleit og byggir á lýðræðislegum þjóðríkjum, þar sem jafnrétti er í hávegum haft.¹¹⁵ Flokkakerfi landanna hefur haft svipað viðmót og framan af tuttugustu öldinni voru löndin einsleit hvað varðaði menningu og trú. Hugmyndafræðilegi ágreiningurinn hefur jafnframt ekki verið mikill þó deilt hafi verið um áherslur. Einkenni flokkakerfis þessara landa hefur verið hófsamir miðjuflokkar og öflugur jafnaðarmannaflokkur (þar sem Ísland er undantekningin) og flokkakerfi sem samanstóð af 5-6 flokkum. Annað einkenni hefur verið talið langlífi og styrkur bændaflokka en í Noregi, Svíþjóð og Íslandi hafa verið til staðar bændaflokkar sem rekja sögu sína aftur til aldamótanna 1900.

Í bókinni *The Nordic Model* segir höfundur að bændaflokkarnir hafa verið hvað öflugastir í kringum 1950-1960 og hafi virkað sem hagsmunagæsluaðili fyrir bændur.¹¹⁶ Á sama tíma telur höfundurinn að flokkarnir hafi byrjað að búa sér til nýja ímynd sem miðjuflokkar vinveittir smáum fyrirtækjum og oft á móti aðild að Evrópusambandinu.¹¹⁷

¹¹³ Hilson, „The Nordic Model. Scandinavia since 1945,“ 39.

¹¹⁴ Eiríkur Bergmann, „Nordic Nationalism and Right-Wing Populist Politics: Imperial Relationships and National Sentiments,“ 9.

¹¹⁵ Ibid., 10.

¹¹⁶ Hilson, „The Nordic Model. Scandinavia since 1945,“ 39.

¹¹⁷ Ibid., 39.

Hin skandinavíska ríki leggja mikla áherslu á velferðarkerfið sem fjármagnað er af háum sköttum. Ríkin líta á sambandið sín á milli með jákvæðum augum og staðsetja eininguna „Norðurlönd“ á milli ríkisins sjálfs og Evrópu.

Norðurlöndin sáu það sem Eiríkur Bergmann nefnir „*priðju bylgju*“ popúlisma rísa hratt eftir efnahagshrunið 2008.¹¹⁸ Kollegi hans Mudde er sammála því mati og tekur fram að þá sáu löndin popúlismann verða viðurkenndari en áður og jafnvel gerast þátttakandi í ríkisstjórnarmyndunum.¹¹⁹ Efnahagshrunið árið 2008 hafði margvísleg áhrif á vestrænan kapitalisma þar sem lífsgæði hins almenna borgara skertust þó nokkuð. Að mati Eiríks er það í slíku ástandi sem gagnrýni popúlista á elítur fái góðan hljómgrunn sem og gagnrýni á að hleypa inn fleiri innflytjendum.¹²⁰

Í samanburðarránsóknum hefur oft verið notast við skilgreiningar þeirra Lipset og Rokkan frá sjöunda áratugnum um flokkafjölskyldur.¹²¹ Sú flokkun byggði á því að til staðar séu fjórar skiptingar sem hægt væri að flokka stjórnámálflokka eftir. Þar kom fram að flokkakerfi væri frekar stöðugt og hefði lítið breyst á árunum 1920-1970. Það með öðrum orðum fylgdi ákveðnum „línunum“. Hóparnir tveir sem hér eru notaðir í samanburðinn eru annars vegar flokkar sem falla undir skilgreininguna miðjuflokkar (stundum) með tengsl við bændauppruna annars vegar og hópurinn sem nefndur hefur verið nýr „fjölskyldumeðlimur“ í flokkafjölskyldunni, popúlístaflokkar hins vegar. Þetta stöðuga ástand flokkakerfisins hefur löngum þótt áhugavert og erfitt hefur þótt að koma fram með einhlítar skýringar á því. Peter Mair heldur því fram að ekki hafi komið nógu góðar útskýringar á því af hverju kerfið hélst eins.¹²² Margir rannsakendur á sviði stjórn mála taka undir þetta og vilja einnig meina að nýir flokkar ættu erfitt með að komast inn og haldast þar. Að hluta til væri það vegna, „cartel“ flokksins, sem fjallað var um hér að ofan. Þeir flokkar sem eru til staðar hjálpi hver öðrum samkvæmt skilgreiningunni og geri nýjum flokkum erfiðara að komast inn. Þeir sem voru fyrir

¹¹⁸ Eiríkur Bergmann, „Nordic Nationalism and Right-Wing Populist Politics: Imperial Relationships and National Sentiments,“ 21-22.

¹¹⁹ Mudde, „The populist radical right: a pathological normalacy,“ 1180

¹²⁰ Ibid., 22.

¹²¹ Lipset og Rokkan, Party systems and voter alignment: cross national perspective, 554

¹²² Mair, „Party system change. Approaches and interpretations.“

á markaðnum stunda hálfgerða „einokun“ á stjórnámálum.¹²³ Það er hæfileiki flokkanna sem fyrir eru að stjórna umræðunni og eiga auðveldara með að aðlaga sig að breytingum í almenningsálitinu.¹²⁴ Hinsvegar, eins og fram hefur komið, hafa á undanförunum árum flokkar sem fengið hafa heitið popúlistaflokkar bæði sprottið upp eða fyrirbyggjandi flokkar hafa þróast í þá átt.

Þegar kom að því að ákvarða hvaða flokkar teldust systurflokkar Framsóknarflokksins komu upp ákveðin vandkvæði. Erfitt reyndist að fá svör um hvaða flokka Framsóknarflokkurinn teldi systurflokka sína á Norðurlöndunum og báru tölvupóstar til skrifstofu flokksins engan árangur. Við leit kom upp mismunandi niðurstöður en þó var að finna grein á heimasíðu flokksins sem taldi upp þá flokka á Norðurlöndunum sem flokkurinn nefndi systurflokka sína en greinin sagði þá alla vera „frjálslynda miðjuflokka“.¹²⁵ Þessir flokkar voru Venstre í Danmörku og Miðflokkurinn í Finnlandi. Löngum hafa þó Miðflokkurinn í Svíþjóð og Miðflokkurinn í Noregi einnig verið taldir tilheyra sömu flokkafjölskyldu og Framsóknarflokkurinn.¹²⁶

¹²³ Gissur Ólafur Erlingsson, „Why do party systems tend to be so stable? A review of rationalists’ contributions,“ 118.

¹²⁴ Ibid, 119.

¹²⁵ „Fjórir forsætisráðherrar frjálslyndra systurflokka hittast á Íslandi.“

¹²⁶ Lipset og Rokkan, Party systems and voter alignment: cross national perspective, 554

Þeir flokkar sem settir voru í samanburðahópinn „popúlistaflokkar“ eru Danski Þjóðarflokkurinn, Framfaraflokkurinn í Noregi, Svíþjóðardemókratar í Svíþjóð og Sannir Finnir í Finnlandi. Ákveðið var að fara aftur til ársins 1993 í samanburðarhópunum til að fá inn sambærilegan fjölda af kosningum á milli hópa. Mismunandi tímasetningar kosninga eru þó eitt af vandamálunum við samanburð gagnanna.

Tafla 3. Stjórnmalaflokkar í samanburðargreiningu

| | Systurflokkur | Kosningar í gagnasafni | Popúlistaflokkur | Kosningar í gagnasafni |
|----------|----------------------|------------------------------------|-------------------------|-------------------------------|
| Danmörk | Venstre | 1994, 1998, 2001, 2005, 2007, 2011 | Danski þjóðarflokkurinn | 1998, 2001, 2005, 2007, 2011 |
| Noregur | Miðflokkurinn | 1993, 1997, 2001, 2005, 2009 | Framfaraflokkurinn | 1993, 1997, 2001, 2005, 2009 |
| Svíþjóð | Miðflokkurinn | 1994, 1998, 2002, 2006, 2010 | Svíþjóðardemókratar* | 2010 |
| Finnland | Miðflokkurinn | 1995, 1999, 2003, 2007, 2011 | Sannir Finnir | 1999, 2003, 2007, 2011 |
| Ísland | Framsóknarflokkur | 1995, 1999, 2003, 2007, 2009, 2013 | | |

*Komast einu sinni í gangasafnið því viðmiðið er að flokkur hafi komið manni á þing.

7. Tölfræði

Hér verður fyrst farið í greiningu á hvort greina megi sveiflur í áhersluatriðum í kosningaskrá hjá Framsóknarflokknum og hvort þær séu umtalsverðar eins og tilgátan gerir ráð fyrir. Eins og fram kom að ofan er hægt að leiða að því líkum að ef merkja megi miklar sveiflur í helstu áhersluatriðum flokksins geti það verið vísbending um að eitthvað annað ráði för en tryggð við hugmyndafræði flokksins og að flokkurinn sé ef til vill að reyna að höfða til atriða sem kjósendur teldu mikilvæg í hverjum kosningum. Að lokum verður Framsóknarflokkurinn borinn saman við tvo hópa sem búnir hafa verið til. Annar hópurinn samanstendur af flokkum sem gætu flokkast sem systurflokkar Framsóknarflokksins, hinn hópurinn eru þekktir popúlistaflokkar á Norðurlöndunum.

7. 1 Stjórnsækni Framsóknarflokksins

Gerð var yfirferð yfir undirflokka gagnagrunnsins hjá Framsóknarflokknum og þeir settir upp í töflu sem sýnir fjóra stærstu undirflokkanana í hverjum kosningum fyrir sig.

Tafla 4. Stærstu undirflokkar hjá Framsóknarflokki í kosningunum 1995-2013

| | Stærsti | 2. stærsti | 3. stærsti | 4. stærsti |
|------|---|---|---|---|
| 1995 | Aukning til velferðarkerfisins (14,47%) | Hagræn markmið (14,47%) | Hagvöxtur (11,82%) | Lýðræði (9,21%) |
| 1999 | Jafnrétti (17,94%) | Eftirlit með markaði (12,82%) | Hagrænir hvatar (jákvætt) (8,54%) | Hagrænn rétttrúnaður (jákvætt) (8,54%) |
| 2003 | Jafnrétti (15,81%) | Tækni og innviðir (12,55%) | Aukning til velferðarkerfisins (11,16%) | Landbúnaður og bændur (9,76%) |
| 2007 | Hagvöxtur (12,5%) | Aukning til velferðarkerfisins (11,63%) | Tækni og innviðir (9,48%) | Aukning til menntakerfisins (7,32%) |
| 2009 | Hagvöxtur (11,05%) | Aukning til velferðarkerfisins (9,54%) | Hagræn markmið (7,53%) | Aukning til menntakerfisins (5,52%) |
| 2013 | Aukning til velferðarkerfisins (16,3%) | Umhverfisvernd (9,52%) | Aukning til menntakerfisins (8,16%) | Hagvöxtur, hvatar, skilvirkni hins opinbera (7,48%) |


Í töflunni er að finna 11 undirflokka sem raða sér í fjögur efstu sætin á tímabilinu sem um ræðir og er aukning til velferðarkerfisins áberandi, verandi í fyrsta sæti í kosningunum 1995 og 2013 auk þess að vera í efstu fjórum sætunum öll árin fyrir utan 1999.

Eitt af því sem talið var í inngangi til atriða sem gerði Framsóknarflokkinn að áhugaverðu umfjöllunarefni var (að því er virtist), vera stefnubreyting hans með tilkomu Sigmundar Davíðs sem leiðtoga flokksins árið 2009. Það er ekki hægt að sjá þess merki í töflunni fyrir kosningarnar 2009 þar sem tveir efstu undirflokkarnir eru þeir sömu á milli kosninganna 2007 og 2009. Það er þó skiljanlegt að nýr formaður hafi ekki náð að setja sitt mark á kosningskrá flokksins þar sem Sigmundur Davíð tekur við í janúar 2009 og kosningarnar eru í apríl sama ár. Erfitt gæti reynst að ætla að breyta stefnu flokksins á örfáum mánuðum hafi það verið ætlunin.

Kosningarnar 2013 eru síðastu kosningarnar sem kóðaðar eru í gagnasafni Manifesto Project. Í efstu 4 sætunum yfir stærstu undirflokkana er aukning til velferðarkerfisins í fyrsta sæti með rúm 16% umfjöllunarinnar en það hafði verið í öðru sæti í síðustu tveimur kosningum á undan og því erfitt að halda því fram að um mikla stefnubreytingu hafi verið að ræða. Undirflokkurinn umhverfisvernd kemur nýr inn í annað sætið með tæp 10% af umfjöllun flokksins árið 2013 og gæti því flokkast undir sveiflu. Umhverfismál (og þar með talin loftlagsmál) hafa verið mikið í umræðunni undanfarin ár og skýrir það ef til vill af hverju sá undirflokkur kemur svona sterkur inn. Inn í það blandast líka umræður um ágang ferðamanna á náttúruperlur landsins en fjöldi ferðamanna hefur aukist mikið síðastliðin ár.


Nú verður litið nánar á nokkra undirflokka sem voru handvaldir út. Skilyrðin voru þau að umfjöllunin væri yfir 5% í einstökum kosningum. Við fyrstu skoðun á tímabilinu kom strax í ljós að umfjöllunarefnin eru mjög dreifð innan undirflokka 56 og fáir undirflokkar ná um og yfir 5% umfjöllun í hverjum kosningum fyrir sig. Áhugavert hefði verið að taka út þá undirflokka sem tengdir hafa verið við popúlistaflokka eins og tilvísanir í Evrópusambandið á neikvæðan hátt og neikvæðar tilvísanir í fjölmenningu en eins og fram kemur í samanburði við popúlistaflokka er sú umfjöllun nánast ekki til staðar.

Mynd 1. Hlutfall umfjöllunar um alþjóðavæðingu (jákvætt) hjá Framsóknarflokki á árunum 1995-2013



Hér sést þróunin á umfjöllun um alþjóðavæðingu á jákvæðan hátt. Hún hefur sveiflast frá því að vera rúm 7% árið 1995 og fer ört minnkandi og hverfur alfarið árið 2009 og skríður að lokum upp í rúm 2,5% prósent árið 2013. Hér virðist vera um að ræða ákveðna sveiflu að ræða þar sem umfjöllun um málaflokkinn fer minnkandi.


Mynd 2. Hlutfall umfjöllunar um hagræn markmið hjá Framsóknarflokki á árunum 1995-2013



Undirflokkurinn „hagræn markmið“ sveiflast mikið á tímabilinu og fer frá því að vera 14,47% árið 1995 og hverfur árið 2003. Örlítið er fjallað um hagrænu markmiðin í kosningunum 2007

og 2009 en nánast ekkert 2013. Innan þessa undirflokks fara almenn hagræn markmið sem eru ekki í tengslum við neinn annan málaflokk.

Mynd 3. Hlutfall umfjöllunar um eftirlit með markaði hjá Framsóknarflokki á árunum 1995-2013



Umfjöllun um eftirlit með markaði hefur verið lítil í öllum kosningum á tímabilinu fyrir utan stórt stökk árið 1999 þegar umfjöllunin var tæp 13% af kosningaskrá Framsóknarflokksins og í öðru sæti yfir þann málaflokk sem mest var fjallað um það árið. Tilvísanir í þessum undirflokk geta snúið að því að nauðsyn þess að skapa opin og frjálstan markað, m.a. með því að auka neytendavernd, koma í veg fyrir einokun og vernda lítil fyrirtæki.

7.2 Fimm þátta greining Project Manifesto Database


Í Íslensku kosningarannsókninni sem dr. Ólafur Þ. Harðarson hefur haft umsjón með eru kjósendur beðnir um að raða stjórn mála flokkum á 0-10 vinstri-hægri kvarða. Árið 2013 setja þeir Framsóknarflokkinn á 6,3 en 5,6 árið 2009.¹²⁷ Framsóknarflokkurinn sjálfur hefur forðast að nota orð eins og hægri eða vinstri flokkur. Á heimasíðu hans stendur að „grundvallarstefnuskrá flokksins er kjarninn í stefnu flokksins – eða það leiðarljós sem önnur stefnumótun byggist á. Hún er ekki endurskoðuð á hverju flokksþingi, en það var síðast gert 2001 og þar áður 1987.“¹²⁸ Þar kemur fram að flokkurinn sé „frjálslyndur félagshyggjuflokkur sem vinnur að stöðugum umbótum á samfélaginu og lausn sameiginlegra viðfangsefna þjóðfélagsins á grunni samvinnu og jafnaðar“.

Hægri-vinstri kvarði MPD gagnagrunnsins hefur notið þónokkurrar hylli. Eins og fram kom hér að ofan er niðurstaða hans fengin með því að leggja saman jákvæða þætti sem teljast vera hægri málefni og þau dregin frá vinstri málefnum. Út úr því fæst kvarði sem er á bilinu +100 til -100. Því hærri sem útkoman er í plús því hægri sinnaðri er flokkur og því stærri mínustala því vinstri sinnaðri. Þó svo að stjórnsæknikenningar Gunnars Helga og Indriða geri ekki ráð fyrir því að flokkar séu að sveiflast mikið á hægri-vinstri kvarðanum var ákveðið að kanna hvort um sveiflur í hægri-vinstri kvarðanum væri að ræða. Hægri-vinstri kvarði Framsóknarflokksins verður settur upp í töflu ásamt útreiknuðum þáttum sem aðstandendur gagnagrunnsins hafa útbúið. Þeir eru ásamt hægri-vinstri kvarðanum, stýrt hagkerfi, markaðshagkerfi, og velferðarkerfi.

¹²⁷ „Íslenska kosningarannsóknin 2013.“

¹²⁸ „Framsókn.“

Mynd 4. Framsóknarflokkur í þáttum MPD 1995-2013



Hér sést hvar Framsóknarflokkurinn hafa verið staðsettir á hægri-vinstri kvarða gagnagrunnsins. Framsóknarflokkurinn var merktur á -7,9 árið 1995 en endar í -21,1 árið 2013 út frá þeim texta sem kóðaður hefur verið og sem er settur fram í kosningaskrá flokksins. Það sést að hann hefur færst lengra til vinstri í gegnum kosningarnar á tímabilinu og tók sveiflu upp á við til hægri árið 1999 og aftur á milli kosninganna 2009 og 2013.


Velferðarþátturinn skorar frekar hátt yfir tímabilið og hefur farið frá því að vera lægstur í kosningunum 2009 en hæstur í kosningunum 2003 eða alls 27.

Stýrt hagkerfi hefur farið frá því að vera 2,6 árið 1995 og tók stökk upp á við í kosningunum 1999 og var 8,5. Þátturinn hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu kosningar og var 1,4 árið 2013.

7.3 Samanburður við popúlistaflokka og systurflokka


Eins og fram kom hér að ofan er búið að skoða sveiflur í áhersluatriðum Framsóknarflokksins sem og stöðu hans á hægri-vinstri kvarða gagnagrunnsins. Næst verður skoðað hvort ákveðnir undirflokkar, sem telja mætti víst að popúlistaflokkur myndi fjalla um út frá umfjöllun í fræðilega hluta ritgerðarinnar, séu sambærilegir hjá Framsóknarflokknum eða hvort honum svipti frekar til flokka sem telja mætti til systurflokka hans. Hér þurfti að fara aftur til ársins 1993 til að fá sambærilegan fjölda af kosningum hjá hverju landi.

Mynd 5. Meðaltöl % Framsóknarflokks, systurflokka og popúlistaflokka gagnvart fjölmenningu 1993-2013




Hér sjáum við meðaltöl hjá hópunum þremur þegar kemur að umfjöllun um fjölmenningu á jákvæðan og neikvæðan hátt. Það kemur ekki á óvart að popúlistaflokkarnir eru með nokkuð hátt hlutfall af neikvæðum tilvísunum í fjölmenningu og kemur það vel fram í fræðilegu umfjölluninni að það sú umfjöllun sem flestir tengja við slíka flokka. Í raun kemur á óvart meðaltalið skuli ekki vera hærra. Framsóknarflokkinum er hér með að meðaltali mjög litla umfjöllun um fjölmenningu bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt en er þó nær systurflokkum sínum en popúlistaflokkunum.

Mynd 7. Meðaltöl % Framsóknarflokks, systurflokka og popúlistaflokka gagnvart þjóðlegum háttum 1993-2013



Hér sjáum við meðaltöl hópanna þriggja hvað varðar þjóðlega hætti bæði á neikvæðan og jákvæðan hátt. Neikvæðni mælist ekki hjá Framsóknarflokki né systurflokkum en örlítið hjá popúlistaflokkunum. Hér sést að popúlistaflokkarnir verja að meðaltali rúmum 6% í umfjöllun um þjóðlega hætti á jákvæðan hátt en Framsóknarflokkurinn er á pari við systurflokknana með meðatal undir 1%. Kemur hátt hlutfall umfjöllunar popúlistaflokkanna ekki á óvart því eins fram kom að ofan er það hluti af hugmyndafræði þeirra að verja þurfi þjóðlega hætti hvers lands sem þeir tilheyra frá erlendum áhrifum, hvort sem það séu innflytjendur eða samþætting hvers konar í t.d. í gegnum Evrópusambandið.

Mynd 8. Meðaltöl % Framsóknarflokks, systurflokka og popúlistaflokka gagnvart velferðarkerfinu 1993-2013



Hér sjást meðaltöl hópanna þriggja gagnvart útvíkkun eða aukningar til velferðarkerfisins annars vegar og takmörkun þess hinsvegar. Allir hóparnir eru á svipuðum stað hvað varðar takmörkunina en hér stendur Framsóknarflokkurinn upp úr með að meðaltali rúm 11% af kosningaskrá sínum með tilvísunum í aukningu til velferðarkerfisins en það kom vel fram í töflu 4 að sá málaflokkur var í efstu sætum yfir mestu umfjöllunina hjá Framsóknarflokki öll árin á tímabilinu fyrir utan 1999. Hér er um eina undirflokkinn að ræða þar sem kosningaskrá Framsóknarflokksins svipar til popúlistaflokkanna.

8. Niðurstöður

Framsóknarflokkurinn er ríflega 100 ára gamall stjórn málaflokkur á Íslandi sem lifað hefur tímanna tvö. Undanfarnir ár hefur hann verið mikið í sviðsljósinu m.a. vegna Panamaskjalanna, Icesave, Moskumálsins og tíðra formannaskipta. Eins og fram kom í inngangi hefur því verið kastað fram að flokkurinn láti hentistefnu ráða för til þess eins að komast í ríkisstjórn og síðustu ár hefur einnig verið dregið inn í umræðuna hvort flokkurinn sé að þróast yfir í popúlískan flokk. Því var hér sett fram rannsóknarspurningin hvort sjá mætti sveiflur í kosningaskrá Framsóknarflokksins sökum stjórnsækni hans eða hvort flokkurinn væri ef til vill að færast nær popúlískum flokkum á Norðurlöndunum.

Fram kemur í umfjöllun um stjórnsækni að Framsóknarflokkurinn er stjórnsæknari en sambærilegir flokkar á Norðurlöndunum m.a. vegna innra skipulags hans sem gerði breytingar á stefnumálum áður fyrr auðveldari. Stjórnsækni samkvæmt skilgreiningu Gunnars Helga og Indriða fjallar um þá tilhneigingu flokka að gefa eftir af stefnu sinni fyrir kosningar til að komast í ríkisstjórn. Tilgátan sem hér var sett fram var sú að ef til vill mætti sjá merki um tilhneiginguna að láta hugmyndafræðina líða fyrir möguleikann á að komast í stjórn í kosningaskrá flokksins. Þar yrði því hægt að sjá miklar sveiflur á milli kosninga þar sem Framsóknarflokkurinn væri að leggja áherslu á málefni sem væri vinsælt á þeim tíma sem kosningarnar fara fram þrátt fyrir að nálgunin á viðfangsefninu væri nokkuð stöðug út frá hægri-vinstri skilgreiningum. Þó svo að það sé að vissu leyti eðlilegt að stefnur flokka breytist í takt við áherslur kjósenda, hljóta flokkar að þurfa að hugsa um orðspor sitt og áreiðanleika og ef breytingarnar á milli kosninga eru miklar er hættan á að fólk telji viðkomandi flokk óstöðugan og ef til vill ekki traustsins verðan eins og fram kom í umfjöllun um skilgreiningum Downs á stjórn málaflokkum.

Í töflunni yfir stærstu þætti í kosningaskrá Framsóknarflokksins á árunum sem um ræðir, 1995-2013, voru það tveir undirflokkar sem koma oftast fyrir. Þeir voru aukning til velferðarkerfisins (5 sinnum) og hagvöxtur (4 sinnum). Þau ár sem aukning til velferðarkerfisins var ekki í fyrsta sæti var það í einhverju af hinum 4 efstu fyrir utan árið 1999. Þar sást líka dæmi um undirflokk sem skjótast upp sem einn af þeim fjórum efstu en sjást svo ekki oft á tímabilinu sem hér er til skoðunar. Gott dæmi er undirflokkurinn jafnrétti. Sá undirflokkur er stærsti undirflokkurinn árin 1999 og 2003 en nær ekki toppsætunum í hinum kosningunum á tímabilinu sem um ræðir. Hið sama má segja um umhverfismál sem koma einu sinni fram á tímabilinu.

Undirflokkar Manifesto Project gagnagrunnsins eru 56 talsins en einungis 11 undirflokkar komast á lista yfir þau fjögur atriði sem taka stærsta hluta kosningaskrána árin sem um ræðir eða í 6 kosningum.

Í töflu 4 sést að þrátt fyrir sveiflur eru hæstu undirflokkarnir oft þeir sömu en í annari röð. Undirflokkurinn stækkun velferðarkerfisins er til staðar öll árin þrátt fyrir að vera einungis tvisvar í efsta sæti. Málefnið virðist því samkvæmt þessu vera flokknúm hugleikið og eitt af þeim málefnum sem hann setur á oddinn.

Stefnubreyting Framsóknarflokksins í Evrópumálum hefur verið nefnd sem dæmi um hentistefnu hans. Sú stefnubreyting sést ekki gögnum Manifesto Project á því tímabili sem hér var tekið fyrir. Undirflokkarnir Evrópumál jákvætt og neikvætt komast ekki í efstu sæti þegar tekin voru út stærstu umfjöllunarefni á tímabilinu og því ekki sjáanlegur munur á stefnu flokksins í þeim tilteknu málaflokkum eftir þeirri aðferð sem gagnagrunnurinn notar.

Þegar skoðaðir voru þeir þættir sem aðstandendur grunnsins hafa búið til eins og hægri-vinstri kvarðinn, stýrt hagkerfi, markaðshagkerfi og velferðarkerfi sást að þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn sveiflaðist á milli kosninga voru sveiflurnar tiltölulega stöðugar á hægri-vinstri kvarðanum. Enginn þáttur fór t.d. úr því að vera á hægri kvarðanum yfir í þann vinstri. Hægri-vinstri kvarðinn sjálfur sýndi vissulega sveiflur og er flokkurinn kominn lengra til vinstri en við upphaf tímabilsins. Það gæti fallið vel að kenningum Downs sem segja að flokkar muni alltaf reyna að staðsetja sig fjarri öðrum flokkum en í kosningunum 2013 var kominn annar flokkur á miðjuna, Björt Framtíð, og því mikilvægt fyrir Framsóknarflokkinn að hafa ákveðna fjarlægð frá þeim flokki.

Miðað við þau gögn sem eru til staðar og það tímabil sem horft er til er hægt að svara því játandi að sjá megi sveiflur en þær eru ekki umtalsverðar eins og tilgátan gerði ráð fyrir. Greinilegt er á gögnunum er sú tilhneiging að fjalla um sem flest málefni í opinberum kosningaskráum Framsóknarflokksins og þau sem ná hæsta skori eru samt sem áður minna en 20% af umfjöllunarefni Framsóknarflokksins. Á þessu sést líka að hvað varðar ákveðin málefni þá getur verið munur á orðræðu ákveðinna meðlima flokksins og svo því sem ratar í kosningaskrárnar. Það er hinsvegar efni í aðra rannsókn að skoða muninn á þessu tvennu.

Eins og fram kom í grein Eiríks Bergmann telur hann að Framsóknarflokkurinn hafi á undanförunum árum sýnt merki um popúlisma og nefnir þar nokkur dæmi þar sem flokkurinn

reynði að koma fram með einfaldar lausnir við flóknum málum en síðast en ekki síst með það við andúð gagnvart múslimum sem náðu hámarki í borgarstjórnakosningunum 2014. Eiríkur telur flokkinn tilheyrja mildari útgáfum af popúlistaflokkum.

Samanburðurinn á kosningaskráum Framsóknarflokksins og popúlistaflokka á Norðurlöndunum sem hér var gerð sýnir að Framsóknarflokkurinn sver sig meira í ætt við systurflokka hvað varðar þjóðlega hætti og tilvísanir í Evrópusambandið á jákvæðan hátt og neikvæðan hátt.

Framsóknarflokkurinn leggur mun meiri áherslu á aukningu til velferðarkerfisins en bæði systurflokkarnir og popúlistaflokkarnir. Er það sá undirflokkur sem oftast hefur verið á lista yfir hæstu undirflokkana á tímabilinu. Þeir þættir sem oft hafa verið taldir upp sem sameiginlegir fyrir popúlistaflokka eins og andstaða gagnvart innflytjendalögum, andstaða gagnvart Evrópusambandinu og andstaða gagnvart fjölmenningu er því ekki að finna í kosningaskráum Framsóknarflokksins á tímabilinu sem um ræðir. Það væri svo efni í aðra greiningu hvort munur sé á hvernig kosningaskrár popúlistaflokkana og Framsóknarflokksins fjalla um aukninguna en eins og fram kom að ofan er slík aukning oft einungis til „réttu“ íbúanna hjá popúlistaflokkunum.

Í einni af frumreglum Downs um stjórnmálaflokka segir að flokkar muni alltaf haga sér skynsamlega og nota þau úrræði sem þeir búa yfir og gera einungis það sem þeir græða á. Það virðist ekki óskynsamlegt að koma fram með loforð í kosningaskráum sínum sem leysa á vandamál kjósendanna og stendur þeim nærri. Það mætti jafnvel segja að það væri í raun hlutverk þeirra. Komist flokkur í ríkisstjórn hefur hann alger völd fram að næstu kosningum og ótakmörkuð efnahagsleg völd eins og fram kemur hjá Downs og er því í góðri stöðu til að útteila efnislegum gæðum hafi það verið hluti af loforðunum.

Almenningur græðir líka á þessu, a.m.k. til styttri tíma eins og þegar 90% húsnæðislán Framsóknarflokksins urðu að veruleika og gerðu stórum hópi fólks kleift að kaupa sér húsnæði og skuldaleiðréttingin leiðrétti skuldastöðu þess hóps sem hana fékk. Downs heldur því fram að helsti hvati stjórnmálaflokka sé sá að auka atkvæðamagnið og stjórnmálaflokkar muni á þann hátt „elta“ kjósendur sína og Katz og Mair segja stjórnmálaflokka gera það sem þeir geta til að koma í veg fyrir að nýir flokkar nái fótfestu. Stjórnmálaflokkar í dag eru orðnir „catch all“ flokkar og verða að reyna að höfða til fjöldans. Það gæti að einhverju leyti skýrt af hverju enginn

undirflokkur fer hærra en 18% á tímabilinu sem er til skoðunar. Kosningaskrárnar verða að höfða til breiðs hóps og snert er á mörgum þáttum í tilraunum til að höfða til sem flestra.

Þrátt fyrir að popúlismi hafi haft yfir sér neikvætt yfirbragð er ekki erfitt að ímynda sér af hverju kjósendur séu þakklátir fyrir einfaldar lausnir við flóknum úrlausnaefnum sem það sleppur þá við að setja sig inn í. Viðfangsefni stjórnmalanna eru sífellt að verða flóknari og tæknilegri. Stjórnmalaflokkur kemur ef til vill fram með popúlíska einföldum á einhverju máli í þeirri von að ná kosningu en um leið er það mál sem snertir kjósendur og þeir „græða“ á útkomunni á einhvern hátt. Þetta er sett fram án þess að leggja mat á hvort það sem græðist sé gott eður ei. Popúlismi þarf þó ekki endilega að vera eingöngu slæmur eins og orðspor hans hefur verið hingað til. Popúlisminn endurómar rödd fólksins samkvæmt skilgreiningu Abts og Rummens og samkvæmt rannsóknum Maureen A. Eger og Söru Valdez er í raun komin ný fjölskylda popúlískra flokka sem hvíli nú á sterkari hugmyndafræðilegum grunni en áður var talið. Bent hefur verið á að þrátt fyrir að popúlistar séu ekki í áhrifastöðu í viðkomandi landi geta þeir haft mikil áhrif á umræðuna og hafa jafnvel neytt aðra flokka til að taka upp ákveðin málefni eins og sást í Bretlandi með harðri framgöngu UKIP flokksins um nauðsyn þess að ganga úr Evrópusambandinu sem að lokum leiddi til Brexit kosninganna.¹²⁹

Út frá þeim gögnum sem hér voru til skoðunar er því hægt að segja að vissulega séu til staðar sveiflur í kosningaskrár Framsóknarflokksins en þær eru ekki töluverðar eins og ætla mætti miðað við þá gagnrýni sem flokkurinn hefur fengið. Einnig sést að kosningaáherslur Framsóknarflokksins eru ekki líkar popúlistaflokkum á Norðurlöndum á tímabilinu sem er til skoðunar.

¹²⁹ Ingelhart og Norris, „Trump, Brexit and the Rise of Popular economic have-nots and cultural backlash.“10

Heimildaskrá

Alden, E., „What Brexit Reveals About Rising Populism“ viðtal eftir James McBride.

Council on Foreign Relations, 29. júní 2016. Sótt 25. apríl:

<http://www.cfr.org/united-kingdom/brexit-reveals-rising-populism/p38102>

Alþingi. „Steingrímur J. Sigfússon (Vg): 142. löggjafarþing — 20. fundur, 3. júlí 2013.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð o.fl Ræða. Sótt 3. maí 2017:

<http://www.althingi.is/altext/raeda/142/rad20130703T152725.html>

Alþingi. „1506 fsp. til munl. svars, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson“. Sótt 5. janúar.

2017: <http://www.althingi.is/altext/139/s/1506.html>

Alþingi. „1001 fsp. til skrifl. svars, Vigdís Hauksdóttir“. Sótt 5. janúar 2017:

<http://www.althingi.is/altext/141/s/1001.html>

Alþingi. „141 Löggjafarþing – 81. fundur, 14 febrúar 2013. Utanríkis- og Alþjóðamál.

593 mál. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson“. Sótt 12. janúar 2017:

<http://www.althingi.is/altext/raeda/141/rad20130214T133240.html>

Arter, D. „The Breakthrough of another west european populist radical right party? The

Case of true fins.“ *Government and opposition* 45, nr 4 (2010): 484-504.

Betz, H. og Johnston, C. „Exclusionary populism in Western Europe in the 1990s and

beyond. A threat to democracy and civil rights.“ *Identities, Conflict and Cohesion*

programme (2004). Genf. United nations research institue for social development,

Budge, I., Robertson, D. og Hearl, D. *Ideology, strategy and party change: Spatial*

analyses of post-war election programmes in 19 democracies. Cambridge: Cambridge

University Press, 1987.

- Bryder, T. *Populism – A threat or a challenge for the democratic system? Fyrirlestur: Xenophobia, Politics and Right Wing Populism in Europe*. University of Copenhagen, Faculty of Social Sciences, Department of Political Science, 2009.
- Cole, A. „Old right or new right? The ideological positioning of parties of the far right.“ *European Journal of Political Research*. 44, nr. 2 (2005): 203-230.
- Canovan, M. „Trust the people. Populism and two faces of democracy.“ *Political Studies*, 47 (1999): 14.
- De Swan, A. *Coalition Theories and Government Formation*. Amsterdam: Elsevier, 1973.
- Downs, A. „An Economic Theory of Political Action in a Democracy.“ *Journal of Political Economy* 65 nr. 2 (1957): 135 – 150.
- Egill Þór Nílesson ritar um bókina *More Money Than God* eftir Sebastian Mallaby. „Eru hrægammasjóðir af hinu góða?“ *Viðskiptablaðið*, desember 2015. Sótt 10. mars 2017. <http://www.vb.is/eftirvinnu/eru-hraegammasjodir-af-hinu-goda/123161/>
- Eiríkur Bergmann. *Nordic Nationalism and Right-Wing Populist Politics: Imperial Relationships and National Sentiments*. UK: Palgrave Macmillian, 2017.
- Eiríkur Bergman. „Populism in Iceland: has the progressive party turned populist?“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla* 11, nr. 1 (2015): 33 – 54.
- Eiríkur Bergmann.. „Ógnir hins opna samfélags.“ *Fréttatíminn*, 4.-6. nóvember 2011. Sótt 5. apríl 2017: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=361024&pageId=5805815&lang=is&q=Eir%EDkur%20Bergmann

Eger, M. og Valdez, S. „Neo-nationalism in Western Europe.“ *European sociological review*, (2014).

Forsætisráðuneyti. „Stefnuræða forsætisráðherra á 143. Löggjafarþingi.“ Sótt 12. febrúar 2017. <https://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-greinar-sdg/nr/7712>

Framsókn. „Fjórir forsætisráðherrar Frjálslyndra Systurflokka hittast á Íslandi.“ Sótt 12. febrúar 2017. <http://www.framsokn.is/news/fjorir-forsaetisradherrar-frjalslyndra-systurflokka-hittast-a-islandi/>

Framsókn. „Stefnumál.“ Sótt 13. febrúar 2017. <http://framsokn.is/stefnan/>

Framsóknarflokkurinn. „Stefnuskrá.“ Sótt 13. febrúar 2017. <http://www.framsokn.is/wp-content/uploads/2013/03/stefnuskraL.pdf>

Fréttablaðið 13. apríl 2013. Tekið af slóðinni: <http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/130413.pdf> -

Gamson, W. „A Theory of Coalition Formation.“ *American Sociological Review* 26, nr. 3 (1961): 373-338.

Gemenis, K. „What to do (and not to do) with the Comparative Manifestos project data.“ *Political studies* 61, (2013): 3.

German Science Foundation (DFG).

Gissur Ólafur Erlingsson. „Why do party systems tend to be so stable? A review of rationalists' contributions.“ *Bifröst Journal of Social Science* 3, (2009).

Gunnar Helgi Kristinsson. *Farmers' Parties. A Study in Electoral Adaptation*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1991.

Gunnar Helgi Kristinsson og Indiði H. Indriðason. „Stjórnsækni og stefnufesta.“

Stjórnsmál og stjórnsýsla, 3, nr. 2 (2007).

Guðni Th. Jóhannesson. „Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971-2007. Frá

framsóknaráratugum til drottinsvalds Sjálfstæðisflokksins (með drauminn um samfylkingu jafnaðarmanna í bakgrunni).“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla* 1, nr. 3 (2007): 9.

Hagstofa Íslands. „Úrslit alþingiskosninga 1963-2013.“ Sótt 10. mars 2017.

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__kosningar__althingi__althurslit/KOS02121.px/

Háskóli Íslands. „Íslenska kosningarannsóknin 2013.“ Sótt 1. apríl 2017:

<http://idunn.rhi.hi.is/webview/index.jsp?study=http%3A%2F%2F130.208.165.88%3A80%2Fobj%2FStudy%2Fslenskakosningarannsknin2013&node=0&mode=documentation&submode=ddi&v=2&top=yes&language=en>

Hilson, M. *The Nordic Model. Scandinavia since 1945*. Reaktion books, 2008.

Hodder, I. „The interpretation of documents and material culture.“ *Handbook of Qualitative Research*. Sage, 1994.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Íslenski kúrin – Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

2011. Sótt 5. desember 2016. <http://sigmundurdavid.is/islenski-kurinn/>

Inglehart, F. og Norris, P. „Trump, Brexit and the Rise of Popular economic have-nots and cultural backlash.“ *Harvard Kennedy school*, 2016.

Johnston, M. *Political Parties and Democracy in Theoretical and Practical*

Perspectives: Political Finance Policy, Parties and Democratic Development.

Washington: National Democratic Institute for International Affairs, 2005.

Jungar, A-C. og Jupskas, A. „Populist radical right parties in the Nordic region: A new and distinct party family?“ *Scandinavian political studies* 37, nr. 3 (2014).

Katz, R. og Mair, P. „Changing models of party organization and party democracy.“
Party Politics 1, nr. 1 (1995): 5–28.

Katz og Mair. *The Cartel party thesis: a restatement*, 2009.

Katzenstein, P.J. *Small States in World Markets: Industrial Policy in Europe*. Ithaca, NY: Cornell University Press, 1985.

Kitzelt, H. og MaGann, A. *The radical right in Western Europe: A Comparative analysis*. Anna Arbor: University of Michigan press, 1995.

Klúver, H. og Spoon, J-J. „Challenges to multiparty governments: How governing in coalitions affects coalition parties’ responsiveness to voters.“ *Party politics*, (2016).

Laver, M.J. og Hunt, B. *Policy and Party Competition*. London: Routledge, 1992.

Laclau, E. *On populist reson*. London, Verso, 2005.

Lipset, S.M og Rokkan, S. *Party systems and voter alignment: cross-national perspectives*. Free Press, 1967

Lubbers, M. Gjisbert og Scheerpers, P. „Extreme right wing voting in Western Europe.“ *European Journal of Political Research* 41, (2002): 377.

Manifesto Project Database. „About.“ Sótt 10. febrúar 2017.

<https://manifesto-project.wzb.eu/information/documents/information>

Manifesto Project Database. „Introduction.“ Sótt 10. febrúar 2017.

https://manifesto-project.wzb.eu/information/documents?name=handbook_v4

Mair, P. *Party system change. Approaches and interpretations*. Oxford: Clarendon Press, 1997.

- Martin, L.W., og Stevenson, R.T. „Formations in Parliamentary Democracies.“
American Journal of Political Science 35, nr. 1 (2001): 33 – 50.
- McGann, A.J. og Kitschelt, H. *The Radical Right in The Alps. Evolution of Support for the Swiss SVP and Austrian FPÖ*, 2005.
- Merz, N., Regel, S. og Lewandowski, J. „The manifesto Corpus: A new resource for research on political parties and quantitative text analysis.“ *Research and politics*, (2016).
- Morgunblaðið. 2008. „Ríkið borgi ekki skuldir óreiðumanna.“ Sótt 10. febrúar 2017:
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/10/07/rikid_borgi_ekki_skuldir_oreidumanna/
- Mudde, C. „The Populist Zeitgeist.“ *Government & Opposition* 39, nr. 3 (2004).
- Mudde, C. *The populist Radical Right in Europe*. Cambridge, Cambridge University press, 2007.
- Mudde, C. „The populist radical right: a pathological normalacy.“ *West European politics* 33, (2010): 1180.
- Mudde, C. „Europe’s populist surge: A long time in the making.“ *Foreign affairs* 95, (2016).
- Mudde, C. „The problem with populism.“ *The Guardian*, febrúar 2015. Sótt 10. mars 2017. http://www.theguardian.com/commentisfree/2015/feb/17/problem-populism-syriza-podemos-dark-side-europe#_=_
- Nicholson, S.P og Segura, G.M. „Who’s the party of the people? Economic populism and US public’s beliefs about political parties.“ *Political Behavior* 34, nr. 2 (2012): 370.

OSCE. Lýðræðis- og mannréttindarskrifstofa ÖSE. Ísland – Alþingiskosningar 2013 –

Útektarskýrsla. Sótt 12. febrúar 2017:

<http://www.osce.org/is/odihr/elections/103314?download=true>

Ólafur Ragnar Grímsson. „Iceland: A multilevel Coalition System.“ Í Boweog

Dreijmanis (ritstj.). *Government Coalitions in Western Democracies*. New York:

Longman, 1982.

Pétur Gunnarsson. „Illskilgreinarlegur popúlismi“, Skoðun. *Viðskiptablaðið*. 2.

desember 2016. Sótt 3. janúar 2017:

<http://www.vb.is/skodun/illskilgreinarlegur-populismi/133629/>

„Ritstjórnargreinar Morgunblaðsins.“ Morgunblaðið, 24. september 2000. Sótt 5.

febrúar 2017. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/560652/>

RÚV. Kosningasjónvarp RÚV, 10. apríl 2013. Sótt 5. mars 2017.

https://www.youtube.com/watch?v=U_J-8a8aDKA

RÚV. 2014. „Ólga innan framsóknar vegna ummæla oddvita.“ Sótt 5. mars 2017.

<http://www.ruv.is/frett/olga-innan-framsoknar-vegna-ummaela-oddvita>

Rooduijn, M. „Simply studying populism is no longer enough.“ *Nature World View*

540, (2016): 317.

Schattschneider, E. E. *The semisovereign people: a realist's view of democracy in*

America. New York: Holt, Rinehart and Winston, 1960.

Schumpeter, J. (1942). *Capitalism, socialism and democracy*, 1942.

Snara. „populismi“. Sótt 25. apríl 2017: <https://snara.is/>.

Siaroff, A., Two and a half party systems and the comparative role of the half.“ *Party Politics* 9, (2003): 268.

Sigríður Túlínus. „Populismi er ekki ólýræðislegur en kannski óæskilegur, viðtal við Chantal Mouffe“. *Kjarninn*, apríl 2015. Sótt 6. apríl 2017.
<http://kjarninn.is/skyring/populismi-ekki-olydraedislegur-en-kannski-oeskilegur-vidtal-vid-chantal-mouffe/>

Stanley, B. „The thin ideology of populism.“ *Journal of political ideologies* 13, (2008).

Stjórnarráð Íslands. „Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.“ Sótt 6. mars 2017:
<http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlysing/>

Stjórnarráð Íslands. „Ríkisstjórnar- og ráðherratal.“ Sótt 5. mars 2017.
<http://www.stjornarrad.is/Rikisstjornartal/>

Vísir. 2008. „Stjórn IMF samþykkti lánabeiðni Íslendinga.“ Tekið af slóðinni:
<http://www.visir.is/article/20081119/FRETTIR01/330678748/-1>

Vísir. 2014. „Framsókn prufukeyrir andúð á innflytjendum.“ (höf: Guðmundur Hálfðánarsson). Tekið af slóðinni:
<http://www.visir.is/g/2014140529228/framsokn-prufukeyrir-andud-a-innflytjendum>

Vísir. 2016. „Popúlismi aðalvandi stjórnmálanna.“ Tekið af slóðinni:
<http://www.visir.is/populismi-adalvandi-stjornmalanna/article/2016160319789>

Vísir. 2015. „Vinstri og hægri pólitík úr sögunni að mati þekkingarhagfræðings.“ Tekið af slóðinni: <http://www.visir.is/vinstri-og-haegri-politik-ur-sogunni-ad-mati-thekkingarfraedings/article/2015150709611>

Volkens A, Lehmann P, Matthieß T, et al. *The Manifesto Data Collection. Manifesto Project (MRG/ CMP/MARPOR) (Version 2016a)*. Berlin: Wissenschaftszentrum Berlin für Sozialforschung (WZB), 2016.

Warwick, P.V. „Do policy Horizons Structure the Formation of Parliamentary Government? The Evidence from an Expert Survey.“ *American Journal of Political Science* 49, nr. 2 (2005):373-387.

Werner, A., Lacewell, O., Volkens, A. 2011. „Manifesto Coding Instruction.“ Tekið af slóðinni:
https://manifestoproject.wzb.eu/down/papers/handbook_2014_version_5.pdf.

Yin, R. *Case study Research: Design and Methods*. London: Sage Publications, 1984.

Zaslove, A. „Here to stay? populism as a new party type.“ *European Review* 16, nr. 3 (2008): 319 - 336